10. nóvember 2026

Yfirferð athugasemda við auglýsta tillögu Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2025 - 2037

Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð
Isavia	Isavia Innanlandsflugvellir hafa farið yfir gögn málsins og eru ekki með athugasemdir. Í greinargerðinni er vel lýst bæði aðstæðum og áformum á Melgerðismelum sem og áhrifasvæði Akureyrarflugvallar og skipulagsreglur flugvallarins sem þarf að taka tillit til.	Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum.
Fiskistofa	Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006. Í aðalskipulögum sveitarfélaga er algengt að efnistökur, vegagerð, lagning strengja, brúargerð o.fl. falli undir framangreinda 33. gr. Ef framkvæmdir innan hins nýja aðalskipulags falla undir greinina, skal sækja um leyfi til framkvæmda í gegnum heimasíðu Fiskistofu. Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.	Bætt verður við ákvæði um að framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, skuli háð leyfi Fiskistofu
Svalbarðsstranda r-hreppur	Erindi frá Eyjafjarðarsveit þar sem óskað er umsagnar um tillögu að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2025-2037 en tillagan er í auglýsingu skv. 31. gr. skipulagaslaga nr. 123/2010 og er umsagnarfrestur til 7. október nk. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að ekki verði gerð athugasemd við tillögu að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2025-2037. Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.	Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum.
Helgi Þór Ingason Margrét Sigurðardóttir	Við undirrituð gerum hér með athugasemd við tillögu að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2025–2037 og óskum eftir því að skapað verði svigrúm fyrir hóflega íbúðauppbyggingu á landi sem liggur norðan íbúðarsvæðis ÍB63 við Jódísarstaði. Um er að ræða tvær samliggjandi landeignir í eigu undirritaðra, Höskuldsstaði 12 (L235555) sem er 2,3 ha að stærð, og Ása 3 (L233533), sem er um 0,9 ha að stærð. Hugmyndir okkar hafa frá árinu 2024 gengið út á að á þessu svæði verði mögulegt að skipuleggja 3–4 lítil einbýlishús með vandaðri útfærslu og í góðu samræmi við núverandi byggð og landslag. Við teljum að slík uppbygging geti fallið vel að	Í stefnu um uppbyggingu íbúðarsvæða í aðalskipulagi segir svo: *Gert er ráð fyrir að núverandi íbúðarsvæði anni eftirspurn eftir uppbyggingu á skipulagstímabilinu skv. miðspá. Ef talin er þörf á frekari uppbyggingu en gert er ráð fyrir á þessum svæðum er talið hagkvæmara að stækka núverandi íbúðarsvæði frekar en að fjölga íbúðarsvæðum. Með því er stuðlað að hagkvæmri uppbyggingu, verndun góðs ræktarlands til framtíðarnota, kolefnisríks jarðvegs, búsvæða lífvera og líffræðilegri*

	markmiðum þeirrar skipulagstillögu Eyjafjarðarsveitar sem nú liggur fyrir. Í leiðarljósum og meginmarkmiðum tillögunnar kemur meðal annars fram að Eyjafjarðarsveit vilji vera fjölskylduvænt samfélag sem bjóði upp á fjölbreytta möguleika til búsetu í fallegu umhverfi. Þá er lögð áhersla á að sveitarfélagið sameini kosti dreifbýlis og þéttbýlis, styðji fjölbreytt búsetuform, efli dreifbýli sem góðan búsetukost og nýti innviði með skynsamlegum hætti. Sú uppbygging sem hér er óskað eftir samræmist þessum markmiðum vel. Um er að ræða afar takmarkaða uppbyggingu í beinu framhaldi af núverandi íbúðarsvæði ÍB63 við Jódísarstaði, þar sem uppbygging íbúðabyggðar hefur staðið yfir um nokkurt skeið. Tillagan felur því ekki í sér nýjan eða einangraðan byggðarkjarna heldur hóflega og eðlilega þróun núverandi byggðarheildar. Sérstaklega er bent á að umrædd staðsetning nýtur nú þegar nálægðar við mikilvæga innviði, þar má nefna vegtengingar, rafmagn, heitt vatn og kalt vatn. Með því að nýta svæði sem tengist fyrirliggjandi byggð og innviðum má stuðla að hagkvæmri þróun byggðar í samræmi við markmið skipulagstillögunnar. Við erum vel meðvituð um þá áherslu sem lögð er í skipulagstillögunni á vernd góðs landbúnaðarlands og mikilvægi þess að raska ekki samfellu verðmæts ræktunarlands að óþörfu. Sú breyting sem hér er lögð til er hins vegar mjög takmörkuð að umfangi og tekur til lítils svæðis á jaðri núverandi íbúðarsvæðis. Fyrirhuguð uppbygging væri jafnframt langt innan þeirra þéttleikaviðmiða sem fram koma í skipulagstillögunni fyrir íbúðarbyggð utan þéttbýlis. Hugmyndir okkar gera ráð fyrir 3–4 litlum einbýlishúsum með góðu rými á milli húsa, þar sem tilliti er tekið til landslags, ásýndar og heildræns yfirbragðs svæðisins. Þá má einnig benda á að í næsta nágrenni svæðisins eru bæði frístundasvæði og íþróttasvæði, þ.e. golfvöllurinn á Þverá. Svæðið hefur því þegar þróast sem fjölbreytt búsetu og útivistarsvæði í mikilli nálægð við núverandi byggð við Jódísarstaði (ÍB63). Við teljum að með hóflegri og vel afmarkaðri uppbyggingu á þessu svæði megi ná eðlilegu jafnvægi milli markmiða um vernd ræktunarlands annars vegar og markmiða um fjölbreytta búsetu og eðlilega þróun byggðar hins vegar. Sú hóflega uppbygging sem hér er til umfjöllunar samræmist vel heildarstefnu aðalskipulagstillögunnar um fjölbreytta búsetu, eflingu dreifbýlis, skynsamlega þróun byggðar og góða nýtingu innviða. Við óskum því eftir því að sveitarfélagið skapi svigrúm fyrir hugmyndir okkar um þróun svæðisins, til dæmis með því að	*fjölbreytni í samræmi við landsskipulagsstefnu og stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum*. Áformuð uppbygging er í tengslum við aðliggjandi innviði en umrætt svæði er skilgreint sem L1 í endurskoðuðu aðalskipulagi og nýtist sem ræktanlegt tún í dag. Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum.

	færa mörk íbúðarsvæðis ÍB63 lítillega til norðurs eða með öðrum hætti sem sveitarfélagið telur henta innan ramma aðalskipulagsins. Við erum að sjálfsögðu reiðubúin til samtals við sveitarfélagið um nánari útfærslu og afmörkun þannig að breytingin falli sem best að markmiðum aðalskipulagsins og þróun svæðisins í heild.	
Jóhann Tryggvason	Mig langar að gera eftirfarandi athugasemdir við tillögu að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2025-2037. Í fyrsta lagi geri ég athugasemd við það að efnismagn sé lækkað úr >100.000 m³ (efnistökusvæði E25A og E25B) í gildandi Aðalskipulagi niður í 50.000 m³ (efnistöku svæði E3) í tillögu að Aðalskipulagi. Önnur efnistökusvæði hafa ekki verið minnkuð svona mikið og flest haldið því efnistökumagni sem er í gildandi Aðalskipulagi. Í öðru lagi geri ég athugasemd við það að það sé verið að bæta við efnistökusvæðið annarri jörð. Áður voru saman á númeri E25A Syðra-Gil og Ytra-Gil og Vaglir á sér númeri E25B. Í tillögu að Aðalskipulagi eru á sama númeri E3, Syðra-Gil, Ytra-Gil, Vaglir og Hvammur. Þetta takmarkar en möguleika landeigenda til að nýta efnistökusvæði þar sem fleiri eru þá um sama svæði og einungis á að leyfa vinnsla á einu svæði í einu. Eftir því sem ég best veit er ekki skilgreint efnistökusvæði í ánni í landi Hvamms. Eðlilegra væri að hafa Hvamm á sér númeri ef á að setja inn efnistökusvæði þar. Í þriðja lagi geri ég athugasemd við sameiningu jarða/bæja á efnistökunúmerum. Eðlilegra væri að hver bær hefði sitt eigið númer.	Efnistaka úr árfarvegi Eyjafjarðarár er háð varfærnislegri og áfangaskiptri efnistöku á afmörkuðum svæðum óháð eignarhaldi. Framburður árinnar veldur því að svæðin endurnýja sig með tímanum en óhófleg efnistaka hefur neikvæð áhrif á lífkríki, búsvæði fiska og afkomu fugla. Í gildandi aðalskipulagi er lögð til efnistaka, meiri en 100.000 m3 á skipulagstímabilinu sem er ekki möguleg m.v. skipulagslöggjöfina sem skilyrðar hámark á efnistöku. Með því að heimila allt að 50.000 m3 á svæðum E3 á tveggja ára tímabili er mögulegt að endurmeta stöðuna hverju sinni og stuðlað að sjálfbærri efnistöku sem tekur tillit til aðstæðna á hverju svæði, hverju sinni og jafnar möguleika aðliggjandi jarða á hagnýtingu efnisauðlindarinnar. Litið er á svæðið sem eina heild.
Rarik	Rarik gerir ekki athugasemdir við tillöguna.	Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum.
Þingeyjarsveit	Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar eins og það er auglýst en bendir á að reið og gönguleið úr Garðsárdal er ekki sýnd í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2024-2044	Leið um Garðsárdal yfir í Fnjóskadal er forn þjóðleið og ríkt tilefni til að halda henni inni á uppdrætti aðalskipulags. Athugasemd krefst ekki viðbragða.
Emilía Baldursdóttir	Óshólmasvæðið með sínar leirur, fjörur, flæðimýrar, árhólma og kvíslar er einstæð náttúruperla í Eyjafjarðarsveit og þó víðar væri leitað. Svæðið er á náttúruminjaskrá. Þar er fjölbreytt fuglalíf, mikilvægt fæðusvæði fugla, bæði þeirra sem verpa þar sem og umferðarfugla vor og haust. Einnig er gróðurfar sérstætt og finnast þar plöntur sem ekki eru annars staðar í sveitarfélaginu. Það ætti því að vera okkur öllum kappsmál að varðveita þessa perlu. Í þessu nýja aðalskipulagi er sumstaðar óljós og jafnvel misvísandi umfjöllun um svæðið sem getur valdið misskilningi og jafnvel leitt til misstaka sem ekki verður bætt úr. Þessi atriði eru:	Um hverfisvernd segir í skipulagsreglugerð: *Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningar-sögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.* Markmið í endurskoðuðu aðalskipulagi er að einfalda framsetningu skipulagsákvæða og auðvelda framfylgni þeirra.

	Óshólmasvæði er hvergi að finna í efnisyfirliti Greinargerðar Hverfisverndarákvæði Óshólma hafa fallið burt Breytt skráning á hluta Óshólmasvæðisins Breyting á vatnsrennsli Eyjafjarðarár á Óshólmasvæðinu Í þessu nýja Aðalskipulagi er Hverfisverndarákvæði Óshólma fallið burt ásamt nánari afmörkun, samningi og skipan eftirlitsnefndar. Í efnisyfirlit í Greinargerð I stefnumörkun þá finnst orðið Hverfisvernd í lið 10.9 bls. 86. Þar er að finna almenn ákvæði og síðan talin upp 3 hverfisverndarsvæði, Möðrufellshraun, Þverár- og Garðsárgil og Súlumýrar en ekki minnst á Óshólmasvæðið. Í efnisyfirlitinu er hvergi að finna orðið Óshólmar eða Óshólmasvæði og því erfitt að finna hvað um það svæði er sagt. eða afmörkun þess. Hinsvegar í lið 7.6. bls 60 er flokkurinn óbyggð svæði sem ekki hefur verið áður og þar er ÓB4 = Óshólmar Eyjafjarðarár en hér er ekki heldur minnst á hverfisvernd. og ekki nánari afmörkun á svæði ÓB4 né önnur ákvæði um það. Bls. 86 kafla 10.8 kemur flokkurinn Önnur náttúruvernd ÖN og þar koma Óshólmarnir merktir ÖN1og réttilega sagt að svæðið falli undir C hluta náttúruminjaskrár sem hefur sterkt verndargildi en hér er ekki heldur minnst á hverfisvernd. Í kafla 13 er fjallað um hvaða breytingar hafa verið gerðar frá síðasta Aðalskipulagi. Þar segir í kaflanum Vatn, vernd og vá bls 96: “Ákvæði um hverfisverndarsvæðið Óshólma hafa verið styrkt.” Ekki kemur fram í hverju þessi styrking er fólgin. Miðað við ofanskráð er því öfugt farið, hverfisverndarsvæði Óshólmanna er ekki talið með í töflunni bls 86 í þessu nýja skipulagi, úr því þarf að bæta og setja einnig inn þær upplýsingar sem voru í fyrra Aðalskipulagi. En hér er þó minnt á hverfisverndarsvæði Óshólmanna og á bls. 32 í hinu heftirnu Forsendur Umhverfisskýrsla segir réttilega að óshólmarnir séu á náttúruminjaskrá og undir hverfisvernd vegna mikils fuglalífs og sérstæðs gróðurfars. Óshólmasvæðið er undir hverfisvernd frá því gerður var samningur um það milli Eyjafjarðarsveitar, Akureyrarbæjar og Flugmálastjórnar Íslands 5. júní 1998 og því á að telja það með í töflunni bls 86. Í Aðalskipulaginu 2005-2025 í Greinargerð II, bls. 14-16 í kafla 2.7 er fjallað nánar um þetta hverfisverndarsvæði, nákvæm mörk svæðisins, samninginn, skipan nefndar til eftirlits o.fl. Þessar upplýsingar er hvergi að finna í nýju Aðalskipulagi en nauðsynlegt er að þær komi þar fram. Það er að segja að öll ákvæði um hverfisvernd og Óshólmasvæðið séu á sama stað og auðfundin	Meginhluti óshólmasvæðis Eyjafjarðarár eru innan svæðis á C – hluta náttúruminjaskrár, *Hólmarnir.* Í gildandi Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018 – 2030 eru óshólmar Eyjafjarðarár undir landnotkun OP1, sem opnar möguleika á uppbyggingu aðstöðu sem þjónar almennri útivist, áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Svæðið verður endurskilgreint úr *óbyggð svæði* í *opin svæði* í samræmi við gildandi aðalskipulag og hverfisvernd afmörkuð sem áður. Fyrirhuguð kartöfluræktar er utan skilgreinds óshólmasvæði eins og það er afmarkað í náttúruminjaskrá en innan afmörkunar skv. samþykkt ráðuneytis og sveitarfélaga: *.. Frá suðurodda Staðareyjar til austurs á landamerkjum Þórustaða og Grafar að Eyjafjarðarbraut eystri.* Í umræddri samþykkt segir svo í gr. 2: Heföbundnar nytjar landsins eru leyfilegar, s.s. til heyskapar, beitar og kartöfluræktar. Kartöfluræktar er því ekki háð leyfi óshólmanefndar sem hefur þó það hlutverk að fylgjast með að hefðbundnar nytjar landsins samræmist friðun og útivist. E3 er það sem áður var E25B og er því ekki breyting, bætt verður við umfjöllun um E4 í kafla 13. Efnistökusvæði E4 hefur verið bætt við á uppdrátt í því skyni að jafna álag vegna efnistöku úr ánni og veita vatni um austari kvísl Eyjafjarðár. Í vatnalögum frá 1923 var ákvæðið *svo skulu vötn renna sem að fornu hafa runnið* en án inngrips mun eystri angi Eyjafjarðarár leggjast af með tilheyrandi tjóni fyrir lífríki árinnar. Fyrirhugað efnistökusvæði er sunnan Staðareyjar og því ekki háð samþykkt óshólmanefndar en háð leyfi Náttúruverndarstofnunar sökum þess að vera innan

	út frá efnisyfirliti ekki síst til þess að þeir sem koma nýjir að málum eigi auðvelt með að afla upplýsinga. Ef talin er þörf á að breyta einhverju í þessum samningi eða ákvæðum varðandi þetta hverfisverndarsvæði hlýtur að þurfa að leita umsagnar Umhverfisstofnunar/Náttúrufræðistofnunar vegna náttúruverndarlaga og að fjalla um það með öllum samningsaðilum og tillögur að fara fyrir umhverfisnefndir og skipulagsnefndir sveitarfélaganna. Að gefnu tilefni er rétt að nefna að hefðbundnar nytjar á við um þær nytjar sem hefð er fyrir á viðkomandi landi/svæði og einnig að óheimilt er að raska votlendi hvort sem er á hverfisverndarsvæði, almennu landbúnaðarsvæði eða annars staðar. Náttúruverndarsvæði undir c-hluta laganna breytt í landbúnaðarland. Þegar þetta er ritað hefur nýtt Aðalskipulag ekki verið endanlega staðfest. Engu að síður er nú þegar búið að samþykkja í skipulagsnefnd og sveitarstjórn að breyta skráningu rúmlega 19 ha af mýri á Óshólmasvæðinu, sem skráð er ÓB4, í landbúnaðarland til kartöfluræktar (fundargerð sveitarstjórnar 17. september) en til þess þyrfti nokkuð örugglega að ræsa fram. Í bókuninni er ekki tekið fram að þetta er á Óshólmasvæðinu og heyrir undir C-hluta náttúruminjaskrár, spurning hvers vegna þess er ekki getið? . Ákvæði um hvað heimilt er annars vegar á landbúnaðarsvæði og hins vegar svæði sem heyrir undir náttúruvernd eru ólík, kartöflugarður nýtist ekki mófuglum eins og mýrarsvæði. Við þessa ákvörðun var hvorki leitað umsagnar Umhverfisstofnunar eða Náttúrufræðistofnunar og ekki heldur Óshólmanefndar. Það verður að segjast að ákvörðunin er ekki í neinu samræmi við þá umfjöllun um óshólmasvæðið sem þó er í skipulaginu. Þetta undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að skráning og ákvörðunartaka sé endurskoðuð og endurbætt. Nýtt efnistökusvæði á Óshólmasvæðinu? Á bls. 26 í kafla 3.2.1 um umhverfisáhrif efnistökusvæða segir: “Bætt er við efnistökusvæði E3 í austari kvísl Eyjafjarðarár með það að markmiði að jafna vatnsbúskap á milli kvísla. Ákvæðinu eru m.a. að vinna má efni úr ánni að vetri til, frá nóvember til loka mars og taka skal tillit til mengunarhættu.” Á bls. 42 í Stefnumörkun er í töflu yfir efnistökusvæði þessi nýi staður merktur E4 og ákvæði þar um. Í kafla 13 er fjallað um hvaða breytingar hafa verið gerðar frá síðasta Aðalskipulagi. Þar eru talin upp ný efnistökusvæði en umrætt svæði í austustu kvísl Eyjfjarðarár er ekki þar með, hvorki sem E3 eða E4. En í lok þessa 13. kafla er þessi efinsgrein: • Ákvæði um hverfisverndarsvæðið Óshólma hafa	Hólmanna, svæðis á náttúruminjaskrá. Umfjöllun um Óshólmanefnd og afmörkun svæðis skv. samþykkt þess efnis verður bætt við í lýsingu á OP2 *Óshólmar Eyjafjarðarár: Óshólmar og eyjar í Eyjafjarðará. Svæðið er afmarkað skv. samþykkt stjórnvalda frá 5. júní 1998. Allar framkvæmdir lúta gildandi samþykkt um um friðland og útivistarsvæði í Óshólmum Eyjafjarðarár. Allar framkvæmdir á svæðinu eru háðar umsögn Óshólmanefndar* Upplýsingar um skráningu kirkjugarðs að Miklagarði verður yfirfarin og lagfærð

	verið styrkt. Heimilt er að ráðast í bakkavarnir og dýpkun farvegar til viðhalds eðlilegs rennslis í Eyjafjarðará. Hvernig ber að skilja þetta? Er efnistökusvæðið með eða ekki? Hvaðan kemur heimild til að dýpka farveg Eyjafjarðarár innan Óshólmasvæðisins? Hvað er eðlilegt rennsli? Fyrir liggur umsögn Náttúrufræðistofnunar, reyndar tvær, önnur frá 2002 en hin frá mars 2026. Í þeirri seinni er vitnað í hina um að frekari rannsóknir þurfi áður en ákveðið verði að breyta rennsli árinnar. Þar segir í lokin að nánar þurfi að gera grein fyrir af hverju þurfi að jafna vatnsbúskapinn milli kvísla og meta hver áhrifin verða á vistkerfi og gróðurfar. Hvergi er hægt að sjá að slík athugun/rannsókn hafi farið fram. Árfarvegur austustu kvíslar er víða gróinn upp og komið nokkurt varp. Við aukið vatnsrennsli færu þessi svæði hugsanlega á kaf til lengri eða skemmri tíma með ófyrirséðum afleiðingum. Meðan ekki liggur fyrir samantekt á jákvæðum og/eða neikvæðum áhrifum þess að dýpka farveginn er þessi heimild engan veginn tímabær. Óshólmasvæðið er einstakt, vonandi getum við staðið saman um að varðveita það. Til þess þurfa afmörkun og verndarákvæði að koma skýr fram í Aðalskipulagi og ákvarðanir að vera teknar í samræmi við náttúruverndarlög. Annað mál og þessu óskilt; Samkvæmt skráningu hjá Kirkjugarðaráði Íslands er aflagður kirkjugarður í Miklagarði en ekki heimagrafreitur. Emilía Baldursdóttir	
Hafrannsókna-stofnun	Hafrannsóknastofnun minnir á 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 en þar eru tilgreind vistkerfi og jarðminjar sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til. Votlendi eru þannig vernduð skv. þessari grein og rétt að benda á að straumvötn eru votlendi. Hafrannsóknastofnun bendir á að skv. 33 gr. laga um lax- og silungsveiði (61/2006) er sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu. Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd. Þá bendir stofnunin á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til	Í almennum ákvæðum efnistöku verður bætt við umfjöllun um lög um lax- og silungsveiði sem háð er leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. Skylt er að láta vinna áhrifamat fyrir vatnshlot ef kemur til framkvæmda sem gætu haft áhrif á vatn innan sveitarfélagsins. Sú efnistaka sem gert er ráð fyrir í endurskoðuðu aðalskipulagi byggir á gamalli hefð um efnistöku úr Eyjafjarðará sem

	þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Við allar framkvæmdir í ám og vötnum skal því leita allra leiða til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og að afkoma lífríkis í vatni versni við framkvæmdir. Skylt er að láta vinna áhrifamat fyrir vatnshlot ef kemur til framkvæmda sem gætu haft áhrif á vatn innan sveitarfélagsins. Að öllu jöfnu telur Hafrannsóknastofnun að efni til framkvæmda ætti ekki að sækja í virka farvegi vatnsfalla eða svo nálægt þeim að árvatn geti flætt í efnisnámur. Þannig er rétt að benda á ákvæði í skipulagslögum nr. 123/2010 en þar segir í 13. gr. „Öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Aftur skal minnt á að straumvötn teljast til votlenda og eru því vernduð skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í greinagerð með aðalskipulagi eru ýmsar námur tilteknar sem eru í eða við vatnsföll. Takmarkanir eru á tímasetningum og oft er ekki er heimilt að vinna efni á hrygningartíma og miðast vinnslutími við 1. okt. til 31. mars, og í veiðihléi snemma á sumrin. Að mati Hafrannsóknastofnunar er rétt að benda á að hrygningartíma er ekki lokið 1. okt. og búast má við hrygningu fiska alveg fram að áramótum. Þá er einnig rétt að benda á að að hrygningartíma loknum liggja hrognin grafin ofan í ármölinni og oftast eru seiði ekki að koma upp úr mölinni fyrr en í maí til júní. Malartekja getur haft áhrif á búsvæði ofan efnistökustaða en þar getur straumhraði og þar með rof aukist, áhrif geta verið bein á efnistökustað þar sem búsvæðum er hreinlega mokað upp og að lokum hefur set- og aurburður sem malartekja veldur, haft áhrif á búsvæði neðan efnistökusvæða.	hefur verið stunduð í fjölda ára, því er ekki metið sem svo að efnistakan hafi neikvæð áhrif á grunnstöðu vatnshlots Eyjafjarðarár. Lagt er upp með áfangaskipta efnistöku úr áreyrum á lygnum svæðum árinnar sem fyllast reglulega af aurburði. Framkvæmd efnisnáms er því eins sjálfbær og unnt er. Víða í lögum eru ákvæði sem gilda um og líta þarf til við efnistöku, þar með talið sem getur haft áhrif á vatnshlot eins og efnistaka úr Eyjafjarðará. Samkvæmt nefndaráliti meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála (þskj. 486 – 89. mál á 156. löggjþ. 2025), kemur fram að framkvæmdir vegna rennslisstýringar straumvatna og efnistaka úr þeim, þar með talið vegna flóð- og bakkavarna falli undir heimild 18. gr. laga um stjórn vatnamála um breytingu á vatnshloti. Framburður efnis í Eyjafjarðará er mikill. Efnistaka hefur verið snar þáttur í rennslisstýringu og bakkavörnum, en Eyjafjarðará og hliðarár hennar liggja á þéttbýlu svæði, þar með talið meðfram ræktarlöndum, vegum og undir brýr. Vatnshlot Eyjafjarðarár er mikið breytt vegna aldrarlangrar búsetu í firðinum og vegna framkvæmda bæði nær í tíma og eins áratugi aftur. Þannig eru ekki færri en 8 brýr sem þvera Eyjafjarðarár og eru þá ekki taldar brýr og ræsi við hliðarár sem eru víða. Mjög víða liggur þjóðvegurinn meðfram ánni sem hefur kallað á landmótun, rennslisstýringu og bakkavarnir. Þá eru bakkavarnir nauðsynlegar til að verja tún gegn flóðum í ánni sem eru tíð og geta orðið mjög stór. Einnig hefur áin verið virkjuð í landi Tjarna, fremst í gamla Saurbæjarhreppi. Áhrifin eru mis mikil frá einu svæði til annars, enda botngerð og efni árinnar breytileg. Þannig er sandur og leir mikill hluti efnis neðan við Miðbraut við Hrafnagilshverfi, en möl og stærri kornastærð framar í ánni.

		Fyrirkomulag og umfang efnistöku er því breytilegt frá einni framkvæmd til annarrar. Ekki hafa komið fram vísbendingar um að efnistaka hafi haft neikvæð áhrif á búsvæði fiskjar í Eyjafjarðaá. Þannig hefur veiði í ánni ekki skorið sig úr á landsvísu, sé horft til skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um lax- og silungsveiði 2025 (Skýrsla Guðmundu Bjargar Þórðardóttur og Guðna Bergssonar). Við veitingu framkvæmdaleyfa vegna efnistöku verður um þessi eins og önnur atriði farið að lögum sem um hana gilda, þar með talið lögum um stjórn vatnamála.
	Í heild gerir aðalskipulagið ráð fyrir að meira en milljón rúmmetrar af efni geti verið unnið í og við áreyrar. Það er vel yfir þeim viðmiðum sem lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 setja varðandi efnistöku. Í 1. viðauka laganna kemur fram að efnistaka þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m3 eða meira er ávallt háð umhverfismati. Svo segir einnig að ef áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m3 eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra, skal meta í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort framkvæmdirnar skuli háðar umhverfismati samkvæmt lögum þessum. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir þessum viðmiðunarmörkum ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sem þýðir að jafnvel tiltölulega smá efnistaka getur orðið matsskyld ef hún er á viðkvæmum svæðum, svo sem í eða við ár og vötn. Verndarsvæði eru svo skilgreind í 2. viðauka laganna og þar eru m.a. nefndar náttúruminjar í A-, B- og C-hluta náttúruminjaskrár, svæði sem falla undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd (þ.á.m. votlendi), auk þess sem votlendissvæði, ár- og vatnsbakkar og ármynni eru nefnd sérstaklega. Þá er að mati Hafrannsóknastofnunar einnig rétt að líta til laga um stjórn vatnamála nr. 36/2013 og skoða hvort svo umfangmikil efnistaka, sem mögulega verður heimil, valdi þeim breytingum á	Lög 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana miða við samlegðaráhrif efnistöku vegna umfangs. Efnistökusvæði sem skilgreind eru í og við Eyjafjarðará hafa verið hagnýtt til fjölda ára, þar með talið áreyrar utan virkra farvega og ekki til nákvæmt bókhald um það magn efnis sem tekið hefur verið, enda fyllist efnistökusvæðið sé álaginu dreift en jafnframt breytir áin sér umtalsvert sjálf undan eigin straumþungaEfnismagn hefur verið tekið niður frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi og lögð til varfærnari nálgun efnistöku með hertum skilyrðum. Ekki hefur komið til þess að sveitarstjórn hafi metið efnistökuna þess eðlis að hún sé háð mati á umhverfisáhrifum utan þess sem komið hefur fram í umhverfisskýrslu aðalskipulags og stöðuskýrslum framkvæmdaaðila. Áformað er að undirbúa áhrifamat efnistöku og vöktunaráætlun fyrir vatnshlot Eyjafjarðarár á skipulagstímabilinu.

	vatnshlotum að nauðsynlegt verði að fá heimild til breytinga frá Umhverfis- og orkustofnun með þeim skilyrðum sem því fylgir. Hafrannsóknastofnun bendir jafnframt á að bleikjustofnar þeirra áa sem falla til Eyjafjarðar hafa minnkað verulega á undanförnum árum. Ástæða er því til að gæta sérstaklega að þeim þáttum sem stofnarnir byggja afkomu sína á þ.e. að gæta að búsvæðum ánna/vatnsfalla, vatnsgæðum og að veiðistjórnun miði við að ekki sé veitt umfram veiðiþol viðkomandi stofna. Ef um sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ám er að ræða skila veiðitekjur sér alla jafna til veiðiréttarhafa en hér á landi fylgir veiðiréttur landi. Almennt eru tekjur af veiði mikilvægar fyrir afkomu veiðiréttarhafa í dreifðum byggðum hér á landi. Hafrannsóknastofnun bendir á að skv. 6 gr. laga um náttúruvernd 2013/60 er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.	
Erwin Cornelis Johannes van der Werve	Það eru margir sem hafa lagt mikla vinnu í rammaáætlun og aðalskipulag síðustu ár (þar á meðal íbúar og landeigendur í kring sem hafa tekið virkan þátt í að móta rammaáætlun sem var samþykkt í mai 2026, og á að vera ráðandi fyrir Vaðlaheiði í aðalskipulagi. Ég er búinn að lesa rammaáætlun og aðalskipulag nokkrum sinnum og það er margt flott í þeim: Markmið skipulagsins er að skipuleggja aðlaðandi og búsetuvæna byggð með dreifbýlisyfirbragði sem falli vel að náttúrulegu umhverfi svæðisins. Lögð er áhersla á að umhverfi byggðar styrki lífsgæði íbúa og tryggi að íbúar geti notið gæða svæðisins sem einkennist af friðsæld, rými og náttúru. Stefnt er að því að rammahluti aðalskipulags verði forsögn fyrir gerð deiliskipulagsáætlana og uppbyggingu á svæðinu til framtíðar. Uppbygging í ferðaþjónustu skal miða að því að ýta undir tengsl við landbúnað og náttúruupplifanir í sveitarfélaginu. Stuðlað skal að því að fjölbreytt úrval gistiaðstöðu sé í sveitarfélaginu með áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu þó án þess að framboð gistirýma hafi áhrif á framboð íbúðarhúsnæðis. Þéttleiki á landnotkunarreitum fyrir íbúðarbyggð skal vera að hámarki 3 íb/ha. Gert er ráð fyrir mun meiri fjölbreytileika lóða en gerist í þéttbýli og að svæði hafi yfirbragð byggðar í sveit. Einkenni svæðisins er þyrping takmarkaðs fjölda húsa (klasa) sem eru umvafnir náttúru. Ef við horfum hinsvegar á skipulag fyrir Leifsstaði II og Brúnagerði (IB41) sjáum við eitthvað allt annað: Þar er gert ráð fyrir 368	Stefna rammahluta aðalskipulags fyrir Svalbarðsstrandarhrepp og Eyjafjarðarsveit er hornsteinn þeirrar vinnu sem lögð hefur verið í endurskoðun aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar. Ákvæði og stefnur rammahlutans hafa verið teknar inn í Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2025 – 2037 auk þess sem rammahlutinn fylgir endurskoðuðu aðalskipulagi sem viðauki og er áfram forsögn fyrir gerð deiliskipulagsáætlana og uppbyggingu á svæðinu til framtíðar. Áform um uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæða og þróun íbúðar- og frístundabyggða verður áfram kynnt íbúum og hagsmunaaðilum og samráð nýtt til þess að feta þá slóð sem flestir geta verið ásáttir um.

	manna gistingu (massatúrisma) og Brúnagerði (IB41) sem er íbúahverfi í rammaáætlun er breytt í verslunar og þjónustusvæði, 13 átta manna húsa orlofsþorp (104 gistipláss). Svo er sama fyrirtæki með áætlanir um að byggja 7 hús til viðbótar í IB40 (hugsanlega líka með sama markmiði um að hafa langtíma gistingu). Þetta er byggt í ósamræmi við gildandi deiliskipulag og á móti vilja allra íbúa og landeigenda í kring. 500-600 manna gisting sem þetta þýðir á litlu svæði passar ekkert saman við stefnu aðalskipulags og rammaáætlunar og innviðir duga ekki einu sinni fyrir þann fjölda. Það hafa komið fram 20 athugasemdir við breytingar á Leifsstöðum II meðal annars frá Vegagerðinni sem bendir á að vegakerfið (einn aðgangsvegur) tekur ekki þann fjölda umferðar. Norðurorka nefnir að eins og er dugar hitaveitu kerfið ekki einu sinni fyrir það sem er núna, hvað þá með þrefaldri aukningu af gistiplássum? Það er algjör ráðgáta fyrir mig af hverju skipulagsnefnd og sveitarstjórn vilja endilega fara á móti vilja íbúa í Vaðlaheiði (sem kemur mjög skýrt fram í nýju rammaáætluninni) og á móti eigin stefnu eins og má finna í aðalskipulagi og rammaáætlun. Ekki allar framkvæmdir eru framfarir og veruleg hætta er á að skemma heilt svæði til framtíðar. Skipulagsuppdrátt út rammaáætlun vantar. Þessi er ekki það sama og skipulagsuppdráttur fyrir þéttbýli þar sem IB41 (Brúnagerði) er skipulagt sem íbúðarsvæði í rammahluta (sem á að vera ráðandi fyrir aðalskipulag).	
Minjavörður Norðurlands eystra	Óskað var umsagnar Minjastofnunar í gegnum Skipulagsgáttina um tillögu að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2025-2037. Skipulagsgögnin voru aðgengileg rafrænt í gegnum Skipulagsgáttina. Minjastofnun skilaði inn umsögn um skipulagslýsingu vegna þessa aðalskipulags, dagsett 12. júní 2025 (MÍ202506-0014/ 6.08 / S.G.) og um skipulagið á vinnslustigi þann 4. mars 2026 (MÍ202602- 0109/ 6.08 / S.G). Í báðum bréfum var farið yfir stöðu skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja, og bent á að uppfylla þarf kröfur Minjastofnunar um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja hvað varðar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins, áður en endanleg breyting á aðalskipulagi verði samþykkt, sem ekki hefur verið brugðist við. Í greinargerð skipulagsins hefur víða verið brugðist við ábendingum Minjastofnunar, en þyrfti að laga: Í kafla 7.4 um skógrækt segir: • „Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m og ekki nær öðrum merkum minjum en 15 m“ Betur færi á að segja aldursfriðuðum í stað merkra,	Í 16. gr. laganna segir: Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi...heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma. Í ákvæðum um minjavernd, kafla 10.6 segir: Fornleifaskráning og endurskráning minja skal unnin eftir þörfum, samhliða skipulagsvinnu á deiliskipulagsstigi og vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Tilvitnanir í lög um menningarminjar verða uppfærð í samræmi við ákvæði laganna.

	eins og skylda er samkvæmt lögum um menningarminjar. • „Skógrækt er háð málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna verndarsjónarmiða á eftirfarandi svæðum … Svæðum innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar (80/2012).“ Rétt er að benda á að allar fornleifar, hvort sem þær eru friðlýstar eða aldursfriðaðar njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar. Í kafla 10.6 Minjavernd (MV) • „Hér fer á eftir upptalning þeirra staða í Eyjafjarðarsveit sem ástæða er talin til að huga að friðlýsingu á eða vert væri að rannsaka nánar, sbr. álit Minjastofnunar í minjaskráningu.“ Þarna eru listar yfir minjar sem Forleifastofnun Íslands ses. Mat varðveisluverðar, ekki Minjastofnun. • „Öll mannvirki í sveitarfélaginu sem byggð voru fyrir árið 1923 og kirkjur sem reistar voru árið 1940 eða fyrr eru umsagnarskyld hjá Minjastofnun Íslands ef til stendur að breyta þeim, flytja eða rífa.“ Umsagnarskylda á við hús byggð frá 1924-1940, þetta þyrfti að leiðrétta. Minjastofnun fer fram á að kröfu um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja sem bent var á í umsögn um lýsinguna og vinnslutillögu skipulagsins verði uppfylltar, hvað varðar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins, áður en endanleg breyting á aðalskipulagi verði samþykkt. Að öðrum kosti að unnið verði að áfangaskiptu samkomulagi milli sveitarfélagsins og Minjastofnunar um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja á skipulagstímanum sbr. 5. mgr 3. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019	Ákvæði um málsmeðferð vegna umhverfisáhrifa er tekin beint upp úr lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Greinargerð með tilvitnun í Minjastofnun breytt í Fornleifastofnun Íslands ses. Greinargerð verður leiðrétt með réttu orðalagi til laga um menningarminjar. Skipulags- og byggingafulltrúa er falið að gera samkomulag við Minjastofnun um áfangaskipt samkomulagi milli sveitarfélagsins og Minjastofnunar um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja á skipulagstímanum sbr. 5. mgr 3. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.
Norðurorka	Hitaveita: ÍB 7 liggur ofan þjónustusvæðis hitaveitu sem þjónar Hrafnagilshverfi. Ekki er sjálfgefið Norðurorka geti afhent heitt vatn á öllum skipulagssvæðum bæði vegna dreifikerfis og hæðarsetningar. Vatnsveita: Aðveituæð vatnsveitu liggur í gegnum skipulagssvæði ÍB 7 og taka þarf tillit til hennar einnig er umrætt svæði ofan við þrýstisvæði vatnsveitu sem þjónar Hrafnagilshverfinu. Ekki er sjálfgefið Norðurorka geti afhent kalt vatn á öllum skipulagssvæðum bæði vegna dreifikerfis og hæðarsetningar.	Hlutverk Norðurorku er að veita íbúum og atvinnurekendum á þjónustusvæði sínu vatn. Gert er ráð fyrir því að uppbyggingu fylgi endurbætur eins og þörf krefur hverju sinni í samstarfi við Norðurorku. Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum.

	Bent er á að vatnsveitur í dreifbýli í Eyjafjarðarsveit eru í grunninn gerðar fyrir dreifbýli og því þurfa framkvæmdaaðilar að taka tillit til þess. Einnig vill Norðurorka árétta að ef færa þarf veitulagnir vegna úthlutunar nýrra lóða til húsbygginga, fellur kostnaður á þann er óskar breytinganna, eftir atvikum á sveitarfélagið eða lóðarhafa háð framsetningu skipulagsyfirvalda á lóðarskilmálum.	
Landsnet	Í kafla 9.4 í greinargerð auglýstrar tillögu er fjallað um rafveitu og þar er gerð grein fyrir háspennulínum Landsnets innan marka sveitarfélagsins. Breidd helgunarsvæða loftlína er tilgreind, í samræmi við umsögn Landsnets um vinnslutillögu skipulagsins. Landsnet vekur athygli á að breiddir helgunarsvæða hafa nú verið endurskoðaðar, sbr. leiðbeiningabæklinginn Háspennulínur – aðgát skal höfð[1] sem er að finna á heimasíðu Landsnets. Dæmigerð breidd helgunarsvæðis 132 kV loftlínu er 25 – 55 m, þ.e. 17,5 – 27,5 m til hvorrar handar frá línunni og breidd helgunarsvæðis 220 kV loftlínu er 50 – 75 m, þ.e. 25 – 37,5 m til hvorrar handar. Jafnframt er breidd helgunarsvæða jarðstrengja og loftlína ólík. Helgunarsvæði 132 kV jarðstrengs er 10 - 11 m breitt og 11 m breitt við 220 kv jarðstreng, þ.e. 5,5 m til hvorrar hliðar hans, sbr. öryggisreglur vegna vinnu í námunda við háspennta jarðstrengi [2] . Í kafla 7.4 um skógræktar- og landgræðslusvæði eru sett ákvæði um framkvæmdir innan helgunarsvæðis raflína. Í stað þess að tilgreina breidd helgunarsvæðis einnar línu bendir Landsnet á þann möguleika að vísa frekar til kafla 9.4 um breidd helgunarsvæða. Landsnet telur jafnframt æskilegt að sambærileg ákvæði verði sett í kafla 6.5 um landbúnaðarsvæði, enda liggja ofangreindar línur um slík svæði. Í almennum ákvæðum rafveitu kemur fram að raflínur í sveitarfélaginu verði að jafnaði lagðar í jörðu. Landsnet bendir á að ekki eru áform um breytingar á flutningskerfinu innan sveitarfélagsmarka, líkt og fram kemur í kafla 12.7 um kerfisáætlun í greinargerð tillögunnar. Í þessum kafla er vísað í eldri kerfisáætlun Landsnets en Kerfisáætlun 2025-2034 var samþykkt 10. apríl 2026. Líkt og í fyrri áætlun eru ekki áform um breytingar á flutningskerfinu innan marka sveitarfélagsins. Landsnet telur þó mikilvægt að aðalskipulagið veiti eðlilegt svigrúm til aðgengis að línumannvirkjum en tilgangur þess væri að fyrirtækið geti óhindrað sinnt viðhaldi og viðgerðum. Það á einnig við um breytingar á	Upplýsingar um fjarlægðir helgunarsvæða verða uppfærðar, upplýsingum um helgunarsvæði í kafla um skógrækt og landbúnaðarsvæði eru uppfærðar. Upplýsingar um kerfisáætlun verða uppfærðar. Í almennum ákvæðum rafveitu er bætt við ákvæði um að tryggja skuli óhindrað aðgengi að raflínum til viðhalds og uppfærslu.

	þessum innviðum, í samráði við sveitarfélag og landeigendur, svo sem lítilsháttar tilfærslu línuleiða eða breytingum á mastragerðum og fleiru.	
Náttúruverndar-stofnun	Leiðarljós aðalskipulagsins Í 2. kafla greinargerðar eru sett fram leiðarljós aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2025–2037. Þar er meðal annars lögð áhersla á fjölskylduvænt samfélag, fjölbreytta búsetukosti, atvinnulíf, mennta- og menningarstarf, heilsueflingu og vernd góðs landbúnaðarlands. Náttúruvernd er hins vegar ekki sérstaklega tilgreind meðal leiðarljósanna. Náttúruverndarstofnun bendir á að náttúruvernd er veigamikill þáttur í stefnumörkun aðalskipulagsins, eins og meðal annars kemur fram í kafla 3.5 um umhverfismál. Með hliðsjón af markmiðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd telur stofnunin mikilvægt að vernd náttúru og náttúruverðmæta komi skýrt fram meðal leiðarljósa aðalskipulagsins, þannig að þau endurspegli þá umhverfisstefnu sem lögð er til grundvallar skipulaginu. Náttúruverndarstofnun bendir jafnframt á að sjónarmið um náttúruvernd koma fram í almennum ákvæðum einstakra landnotkunarflokka, en mismikið eftir flokkum. Með hliðsjón af markmiðum skipulagslaga um vernd náttúru og landgæða telur stofnunin mikilvægt að skýr almenn meginregla gildi þvert á landnotkunarflokka um að við staðarval, deiliskipulagsgerð og framkvæmdir skuli tekið mið af náttúrufari, vistkerfum og jarðminjum sem njóta verndar, mikilvægum búsvæðum og öðrum verndargildum. Þjórsárver – friðlýst svæði Í greinargerð kemur fram að Þjórsárver séu eina friðlýsta svæðið innan Eyjafjarðarsveitar (FS1). Afmörkun svæðisins er jafnframt sýnd á aðaluppdrætti og skýringaruppdrætti aðalskipulagsins. Í umsögn Náttúruverndarstofnunar á vinnslustigi var meðal annars lögð áhersla á að gerð yrði grein fyrir verndargildi friðlýstra svæða, gildandi verndarmarkmiðum og þeim takmörkunum sem leiða af friðlýsingu. Náttúruverndarstofnun telur að tekið hafi verið tillit til ábendingarinnar hvað varðar	Leiðaljós aðalskipulags er skipt niður í flokka þar sem umhverfismál fá sérstakt vægi. Þar leggur sveitarfélagið fram sýna stefnu m.a. um nýtingu lands með sjálfbærum hætti, varðveislu náttúru- og menningarverðmæta, vernd óbyggðra víðerna og að tekið verði tillit til náttúrunnar í skipulagsvinnu sem endurspeglast í þeirri umhverfisstefnu sem lögð er til grundvallar í þessari skipulagsáætlun. Almennar kröfur um nýtingu lands eftir landnotkunarflokkum byggja á fjölþátta kröfum þar sem meðalhóf er meginlínan skv. grundvallarreglum stjórnsýslu. Ekki er gerð frekari krafa um vernd náttúru en heimild til athafna, þar sem eignaréttur og ákvæði um verndun mætast. Skv. skipulagslöggjöfinni skal meta áhrif framkvæmda sem gert er ráð fyrir í hverri skipulagsáætlun á valda umhverfisþætti, m.a. náttúrufar, vistkerfi, mikilvæg búsvæði og jarðminjar. Svo eru mótvægisaðgerðir lagðar til móts við neikvæð áhrif. Umfjöllun um Þjórsárver bætt við í greinargerð

	afmörkun Þjórsárvera, en bendir á að í greinargerðinni er ekki gerð sérstök grein fyrir verndargildi Þjórsárvera og markmiðum friðlýsingarinnar. Náttúruverndarstofnun telur því rétt að bæta við umfjöllun um Þjórsárver þar sem gerð verði grein fyrir verndargildi og markmiðum friðlýsingarinnar og sett fram skýr stefna um að landnotkun og framkvæmdir raski ekki þeim náttúruverðmætum sem friðlýsingunni er ætlað að vernda. Jafnframt verði tekið fram að við skipulagsákvarðanir og framkvæmdir utan marka friðlýsta svæðisins skuli taka mið af áhrifum sem kunna að verða á verndargildi þess, sbr. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Friðlýsingarflokkar Náttúruverndarstofnun bendir á að upptalning friðlýsingarflokka í kafla 10.7 er ekki í samræmi við VIII. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þar vantar landslagsverndarsvæði skv. 50. gr. og verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda skv. 50. gr. a. Jafnframt bendir stofnunin á að 51. gr. um náttúruminjar í hafi skilgreinir ekki sérstakan friðlýsingarflokk heldur kveður á um að ákvæði VII. og VIII. kafla gildi eftir því sem við á um náttúruminjar í hafi. Náttúruminjaskrá Náttúruverndarstofnun bendir á að svæði sem eru skilgreind sem ÖN á C-hluta náttúruminjaskrá ætti að skilgreina sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá. Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar, skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið. Réttaráhrif 37. gr. núgildandi náttúruverndarlaga verða því ekki sjálfkrafa lögð til grundvallar svæðum sem eingöngu eru á eldri náttúruminjaskrá. Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að skýra hvernig verndargildi svæðanna skuli lagt til grundvallar við skipulagsgerð og ákvarðanir um landnotkun og framkvæmdir, þ.m.t. þegar fyrirhuguð landnotkun eða framkvæmdir utan svæðanna kunna að hafa áhrif á þau náttúruverðmæti sem skráningin byggir á. Óshólmar Eyjafjarðarár og Eyjafjarðarleirur –	Upptalning friðlýsingarflokka hefur verið uppfærð skv. lögum nr. 60/2013. Í greinargerð segir um svæði sem falla undir aðra náttúruvernd (ÖN): *Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna slíkra framkvæmda.* Almennum ákvæðum um vernd svæða sem falla undir aðra náttúruvernd (ÖN) verður bætt við í greinargerð, kafla 10.8 Óshólmar Eyjafjarðarár lúta samþykkt um vernd og nýtingu landgæða. Óshólmarnir falla sömuleiðis undir landnotkunina opin svæði þar sem gerð verður frekari grein fyrir verndarákvæðum og leyfisveitingum.

	Í greinargerðinni eru Hólmarnir (ÖN1) skilgreindir sem svæði á náttúruminjaskrá og verndargildi svæðisins meðal annars rakið til flæðilanda, árhólma, leira, sérstæðs gróðurfars og mikils fuglalífs. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í greinargerðinni verði sett skýr stefna um að við skipulag landnotkunar og framkvæmda á Óshólmasvæðinu og aðliggjandi strandsvæðum verði forðast rask á leirum, flæðilöndum og öðrum mikilvægum búsvæðum fugla og að tekið verði mið af verndargildi svæðisins við frekari skipulagsgerð og leyfisveitingar. Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030 Náttúruverndarstofnun bendir á að í stefnunni Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030 er lögð sérstök áhersla á hlutverk sveitarfélaga og skipulagsáætlana við vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Þar er meðal annars stefnt að því að auka vægi líffræðilegrar fjölbreytni í opinberri stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku og að vistkerfisnálgun og umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni verði innleidd í ákvarðanatöku og stefnumótun um landnotkun og skipulag. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að markmið og áherslur stefnunnar séu höfð að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana, einkum við ákvarðanir um landnotkun og vernd og endurheimt vistkerfa, vistgerða og búsvæða. Í forsendu- og umhverfisskýrslu aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2025–2037 er líffræðileg fjölbreytni tilgreind meðal þeirra umhverfisþátta sem meta skal, en framangreind stefna er ekki tilgreind meðal þeirra gagna og áætlana sem hafðar eru sem viðmið við umhverfismatið. Náttúruverndarstofnun telur því rétt að stefnan verði tekin inn meðal viðmiða aðalskipulagsins og að gerð verði stutt grein fyrir því hvernig stefnumörkun aðalskipulagsins um landnotkun og náttúruvernd tekur mið af markmiðum hennar. Stofnunin telur jafnframt mikilvægt að í aðalskipulaginu sé ekki eingöngu fjallað um vernd vistkerfa heldur einnig um endurheimt raskaðra vistkerfa. Ekki er sett fram sérstök stefna um endurheimt votlendis. Æskilegt væri að sveitarfélagið setti fram stefnu um endurheimt votlendis og annarra raskaðra vistkerfa og skilgreindi, eftir því sem við á, svæði þar sem endurheimt kemur til greina.	Greinargerð og umhverfisskýrsla verður yfirfarin til að undirstrika mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni, endurheimt votlendis og endurheimt raskaðra vistkerfa og skilmálum bætt við um endurheimt votlendis í flokki óbyggðra svæða. Innan landnotkunarflokksins skógræktar- og landgræðslusvæði og annarra flokka geta verið vistgerðir sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þrátt fyrir að landnotkunarflokkur nái yfir tiltekin svæði fylgir ekki heimild til að brjóta gegn lögum um náttúruvernd.

	Náttúruverndarstofnun telur jafnframt æskilegt að slík stefnumörkun sé eftir því sem kostur er mælanleg, til dæmis með því að skilgreina forgangssvæði til endurheimtar, setja markmið um umfang eða fjölda verkefna á skipulagstímabilinu og gera ráð fyrir að fylgst verði með framvindu þeirra. Sérstök vernd náttúruverndarlaga Náttúruverndarstofnun bendir á að innan Eyjafjarðarsveitar eru vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Stofnunin telur jákvætt að náttúrufyrirbæri sem falla undir sérstaka vernd séu sýnd á skýringaruppdrætti aðalskipulagsins. Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga ber að forðast röskun þeirra vistkerfa og jarðminja sem falla undir ákvæðið nema brýna nauðsyn beri til og ljóst sé að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Við yfirferð skipulagsuppdrátta vekur Náttúruverndarstofnun athygli á að votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. er innan skógræktar- og landgræðslusvæðanna SL26, Samkomugerði 1, og SL27, Miðgerði. Í greinargerð eru svæðin skilgreind til skógræktar en ekki er í sérákvæðum þeirra gerð grein fyrir votlendinu eða því hvernig tryggt verði að skógrækt og tengdar framkvæmdir raski því ekki. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að taka skýrt á því í aðalskipulaginu þegar fyrirhuguð landnotkun skarast við votlendi sem nýtur sérstakrar verndar. Fyrir SL26 og SL27 ætti því annaðhvort að draga skógræktarsvæðin frá votlendinu eða setja skýr ákvæði um að skógrækt og annað rask nái ekki inn á það. Ef gert er ráð fyrir að votlendinu verði raskað þarf að rökstyðja það sérstaklega og gera grein fyrir því hvers vegna röskunin telst nauðsynleg og hvaða aðrir kostir hafi verið skoðaðir. Mikilvæg fuglasvæði Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að mikilvæg fuglasvæði innan Eyjafjarðarsveitar séu nú sýnd á skýringaruppdrætti aðalskipulagsins. Í forsendum aðalskipulagsins er jafnframt fjallað um fuglalíf og sérstaklega bent á mikið fuglalíf á Óshólmasvæði Eyjafjarðarár. Óshólmarnir eru auk þess skilgreindir sem svæði á náttúruminjaskrá þar sem mikið fuglalíf er meðal verndargilda svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum	Bætt verður við upplýsingum um vernd tiltekinna náttúrufyrirbrigða á viðkomandi svæðum. Bætt verður við stefnu í greinargerð og umhverfisskýrslu um stefnu sveitarfélagsins varðandi mikilvæg fuglasvæði, stöða válistategunda, ábyrgðartegunda og staða og þróun fuglastofna og hvernig þær upplýsingar hafa áhrif á fyrirhugaða landnotkun. Í leiðarljósum umhverfismála verður eftirfarandi bætt við: *Huga skal að vernd mikilvægra fuglasvæða, stöðvar válistategunda, ábyrgðartegunda og stöðu og þróun fuglastofna í sveitarfélaginu við framkvæmdir og áform um landnýtingu.* Óbyggð víðerni falla undir landnotkun óbyggðra svæða. Þar kemur fram að ekki eru heimilar framkvæmdir á svæðum sem

	fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög. Náttúruverndarstofnun telur þó að í greinargerðinni mætti koma skýrar fram hver stefna sveitarfélagsins er um mikilvæg fuglasvæði. Í forsendum aðalskipulagsins er fjallað almennt um fuglalíf, en mikilvægt er að það komi fram hver sé staða válistategunda, ábyrgðartegunda og staða og þróun fuglastofna og hvernig þær upplýsingar hafa áhrif á fyrirhugaða landnotkun. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fyrirliggjandi upplýsingar um þessa þætti verði nýttar við staðarval og mótun skipulagsákvæða. Óbyggð víðerni Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að í greinargerð aðalskipulagsins sé lögð áhersla á vernd óbyggðra víðerna og að viðhalda lítt snortnu yfirbragði miðhálendisins. Í kafla 11 kemur jafnframt fram að almennt sé ekki gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum eða vegum innan miðhálendisins. Hins vegar eru þó heimiluð minniháttar mannvirki, m.a. fjarskiptamannvirki, stækkun fjallasela og frekari uppbygging í Laugafelli. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að skýrt komi fram hvaða undantekningar eru gerðar frá meginreglunni um að ekki verði reist ný mannvirki og hvernig þær samræmast markmiðum um vernd óbyggðra víðerna og lítt snortins yfirbragðs hálendisins. Við mat á áhrifum landnotkunar á óbyggð víðerni þarf jafnframt að horfa til eiginleika svæðanna en ekki aðeins fjarlægðar frá mannvirkjum. Þar skiptir meðal annars máli hvort unnt sé að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar, auk sýnileika mannvirkja, hávaða, lýsingar og aðgengis. Hverfisvernd Í greinargerð í svokölluðu breytingayfirliti kemur fram að ákvæði um hverfisvernd Óshólma hafi verið styrkt, en ekki verður séð af kafla 10.9 eða töflu 30 í hverju sú styrking felst, enda eru Óshólmar ekki þar tilgreindir sem hverfisverndarsvæði. Auk þess bendir stofnunin á að í rammahlutanum, bls. 17, og umhverfisskýrslunni, bls. 32–33, er gengið út frá því að Óshólmarnir séu undir hverfisvernd. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að hverfisvernd Óshólmasvæðisins haldist í skipulaginu og að afmörkun hennar og	skilgreind eru sem óbyggð svæði án þess að gengið sé úr skugga um að ekki sé um framkvæmd að ræða sem hefur neikvæð áhrif á óbyggð víðerni eða önnur svæði sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 nema brýna nauðsyn beri til. Í kafla 11 kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum eða vegum innan marka miðhálendisins og með því er verið að vernda víðerni og náttúrugæði hálendisins og stuðla að sjálfbærri þróun. Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins og vernda óbyggð víðerni. Markmið í endurskoðuðu aðalskipulagi er að einfalda framsetningu skipulagsákvæða og auðvelda framfylgni þeirra. Meginhluti óshólmasvæðis Eyjafjarðarár eru innan svæðis á C – hluta náttúruminjaskrár, Hólmarnir. Svæðið verður endurskilgreint úr óbyggð svæði í opin svæði í samræmi við gildandi aðalskipulag og hverfisvernd afmörkuð sem áður. Afmörkun skógræktar og landgræðslusvæða er almennt byggð á gögnum frá landi og skógi með tilheyrandi skógræktaráætlun og afmörkun svæða sem njóta verndar. Við útgáfu framkvæmdaleyfa er krafist athugunar á náttúrufari og afstaða tekin til áforma hverju sinni. Ákvæði eru um að á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spillt s.s. vegna náttúrufars verði skógrækt takmörkuð eða óheimil. Einnig er að finna ákvæði um að taka skuli tillit til líffræðilegrar fjölbreytni og ekki heimila skógrækt þar sem ljóst má vera að skógrækt raski svæðum sem hafa mikilvæga

	verndarákvæði komi skýrt fram og séu samræmd í öllum skipulagsgögnum. Skógrækt Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að í kafla 7.4 greinargerðar séu nú sett almenn ákvæði um að við skógrækt skuli taka tillit til náttúruverndar og líffræðilegrar fjölbreytni og að ekki skuli heimila skógrækt þar sem hún raskar svæðum sem hafa mikilvæga þýðingu. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að við staðarval og afmörkun skógræktar verði forðast að raska votlendi, náttúruskógum, vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi og mikilvægum búsvæðum fugla. Í tillögunni þarf að gera grein fyrir náttúrufari skógræktarsvæðisins og áhrifum skógræktarinnar á þessi verðmæti. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun gæta þess að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæði verði mótuð með hliðsjón af formum, mælikvarða og sérkennum landslags á hverjum stað. Forðast skal reglulegar, ferhyrndar afmarkanir sem skera sig úr umhverfinu og leitast við að fella jaðra skógræktarinnar að náttúrulegum línum landslagsins. Við yfirferð skipulagsuppdráttar hefur stofnunin m.a. bent á að votlendi sem nýtur sérstakrar verndar er innan og í jaðri skógræktarsvæðanna SL26 og SL27. Þar þarf því annaðhvort að laga afmörkun skógræktarsvæðanna að votlendinu eða setja skýr ákvæði um að skógrækt og annað rask nái ekki inn á það. Náttúruverndarstofnun bendir jafnframt á að við skipulag skógræktar þarf að líta til áhrifa hennar út fyrir sjálft skógræktarsvæðið. Íslensk rannsókn sýnir að áhrif skógræktar á fugla í opnu landi geta náð út fyrir skógræktarsvæðið og að margir litlir og dreifðir skógar geta haft meiri samanlögð áhrif en færri og stærri skógar með sama heildarflatarmál. Í ljósi fjölda skógræktarsvæða og heimildar til allt að 10 ha skógræktar á L2-svæðum telur stofnunin mikilvægt að tekið sé mið af samanlögðum áhrifum, dreifingu skógarreita og jaðaráhrifum á mikilvæg fuglabúsvæði. Efnistaka	þýðingu. Ákvæðin ná til vistkerfa eins og votlendis og ýmissa jarðmyndana sem njóta verndar og skal forðast að raska nema brýn nauðsyn beri til. Ákvæði laga verða uppfærð. Ákvæði landeigenda til minniháttar efnistöku eru tekin beint úr 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lög 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana miða við samlegðaráhrif efnistöku vegna umfangs. Efnistökusvæði sem skilgreind eru í Eyjafjarðará hafa verið hagnýtt til fjölda ára og svæðin endurnýjast sjálfkrafa sé álaginu dreift. Efnismagn hefur verið tekið niður frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi og lögð til varfærnari nálgun efnistöku með hertum skilyrðum. Sveitarstjórn telur efnistöku að Þveráreyrum komna að mati á umhverfisáhrifum og gefur því ekki út framkvæmdaleyfi til efnistöku nema að mati loknu.

	Í greinargerð kemur fram að eiganda eða umráðamanni eignarlands sé heimil minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga. Náttúruverndarstofnun bendir á að hér á að vísa til 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun bendir jafnframt á að mikilvægt er að skilgreint verði í skipulagsáætlun hvað átt er við með efnistöku til eigin nota og minni háttar efnistöku, hvaða viðmið sveitarfélagið leggur til grundvallar við flokkun slíkrar efnistöku og hvernig framfylgja eigi stefnunni. Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að í tillögunni séu sett ákvæði um að takmarka efnistöku í virkum farvegum, taka tillit til hrygningar og fuglavarps og til að draga úr mengunarhættu. Þar sem fjölmörg efnistökusvæði eru hins vegar á vatnasviði Eyjafjarðarár og þveráa hennar telur stofnunin mikilvægt að einnig sé horft til samlegðaráhrif vegna efnistökunnar á ánna, m.a. á rennsli, setflutninga og lífríki, og tryggt að efnistaka leiði ekki til þess að ástand árinnar (vatnshlotsins) versni. Náttúruverndarstofnun telur að það þurfi að skoða frekar og samræma í skipulagsgögnum um framkvæmdartíma efnistöku og telur stofnunin mikilvægt að þessi ákvæði verði samræmd og framkvæmdartími rökstuddur með hliðsjón af lífríki árinnar. Stofnunin bendir sérstaklega á efnistökusvæðin E8 og E9 á Þveráreyrum, þar sem frekari efnistaka er háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrir E9 kemur jafnframt fram að búið sé að taka það efni sem heimild er fyrir. Stofnunin telur því rétt að fara yfir hvort áfram sé tilefni til að skilgreina E9 sem efnistökusvæði og ganga frá henni og, ef frekari efnistaka er fyrirhuguð á E8 eða E9, að áhrif hennar verði metin með hliðsjón af fyrri efnistöku og samanlögðu álagi á Þverá. Efnistökusvæðin E49 Leyningur og E50 Vatnsendi eru innan Leyningshóla og Hólahóla, svæðis á náttúruminjaskrá. Í greinargerð er tekið fram að svæðin séu innan svæðið á náttúruminjaskrá, en í umhverfisskýrslunni eru áhrif efnistöku ekki sérstaklega metin með tilliti til verndargildis þess. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að áhrif efnistökunnar á framhlaupið, tjarnir, skógarleifar og landslag verði metin sérstaklega og að niðurstaða þess mats komi fram í ákvæðum fyrir E49 og E50. Veglagning að Skógarböðum Náttúruverndarstofnun bendir á að á loftmyndum sést vegtenging yfir leirur að uppbyggingarsvæði	Öll efnistaka á svæðum innan C hluta náttúruminjaskrár er bundinn 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 sem segir: Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar. Skilmálar viðkomandi efnistökusvæða verða uppfærðir. Ekki er um tímabundinn veg að ræða heldur varanlega lausn sem búið er að framkvæma með tilheyrandi mótvægisaðgerðum.

	Skógarbaðanna. Ekki kemur skýrt fram í skipulagsgögnum hvort um sé að ræða tímabundinn framkvæmdaveg eða varanlega aðkomu. Stofnunin telur rétt að staða vegarins verði skýrð og, ef um tímabundinn veg er að ræða, gerð grein fyrir frágangi svæðisins að framkvæmdum loknum.	
Náttúrufræði-stofnun	Efnistaka Náttúrufræðistofnun ítrekar eftirfarandi athugasemdir úr fyrri umsögn. Náttúrufræðistofnun bendir á að efnistaka úr virkum árfarvegum sé almennt óæskileg, þar sem hún getur haft áhrif langt upp og niður fyrir efnistökusvæðið, m.a. á virk rofferli, setflutninga og lífríki. Varðandi efnistökusvæði E3 ítrekar Náttúrufræðistofnun að gera þurfi nánari grein fyrir þörf á að jafna vatnsbúskap milli kvísla og meta áhrif þess á vistkerfi og gróðurfar, líkt og fram kom í fyrri umsögn stofnunarinnar og svari við fyrirspurn sveitarfélagsins. Tvö efnistökusvæði, E49 Leyningur og E50 Vatnsendi, eru innan Leyningshóla og Hólahóla sem eru á náttúruminjaskrá. Áhrif efnistökunnar eru ekki metin með tilliti til verndargildi þess og telur Náttúrufræðistofnun að gera þurfi grein fyrir því í forsendu- og umhverfisskýrslu. Skógrækt Jákvætt er að bætt hafi verið við kafla 7.4 í greinargerðinni að „taka skal tillit til líffræðilegrar fjölbreytni og ekki heimila skógrækt þar sem ljóst má vera að skógrækt raski svæðum sem hafa mikilvæga þýðingu.“ Einnig hefur verið bætt við í umhverfismatinu að núllstaða vistkerfisins við upphaf skógræktar skipti máli. Ekki er þó kveðið á um að fullnægjandi upplýsingar um grunnástand náttúrufars skuli liggja fyrir áður en land er skilgreint sem	Megin markmið efnistökusvæðis E4 (E3 í umhverfisskýrslu) er að jafna rennsli um austari kvísl Eyjafjarðarár. Einnig er bent á að Eyjafjarðará er varnarlína fyrir búfé og því mikilvægt að hafa vatnsrennsli í austari kvíslinni. Skilmálar varðandi efnistöku verða uppfærðir og eyrnamerktir sértækri ráðstöfun að undangengnum viðeigandi athugunum auk þess sem efnistaka er háð umsögn Náttúruverndarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar. Öll efnistaka á svæðum innan C hluta náttúruminjaskrár er bundinn 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 sem segir: Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar. Skilmálar viðkomandi efnistökusvæða verða uppfærðir og skýrari grein gerð fyrir áhrifum í umhverfisskýrslu. Hér vísast einnig til svara við athugasemdum Hafrannsóknarstofnunar framar í samantektinni. Afstaða um heimild til skógræktar og ákvæði um verndun búsvæða eða landkosta skarast þar sem eignaréttur er varinn af stjórnarskránni. Í þeim tilvikum þar sem hagsmunir stangast á þarf að beita meðalhófi og ákvæði í aðalskipulagi geta ekki verið íþyngjandi umfram það sem eðlilegt

	skógræktarsvæði, líkt og Náttúrufræðistofnun benti á í fyrri umsögn. Aðrar athugasemdir varðandi skógrækt úr fyrri umsögn eiga enn við og er vísað í fyrri umsögn varðandi þau mál. Náttúrufræðistofnun tekur ekki undir þá niðurstöðu að áhrif skógræktar á náttúru séu almennt jákvæð og telur að óvissa ríki um áhrif hennar á landslag og vistkerfi. Skógrækt felur gjarnan í sér rask á grónu landi og búsvæðatap, m.a. hjá vaðfuglum sem almennt nýta ekki skóglendi. Með vönduðu staðarvali má þó draga verulega úr neikvæðum áhrifum, t.d. með því að beina skógrækt að svæðum með minna náttúruverndargildi.	getur talist. Við útgáfu framkvæmdaleyfa er farið eftir reglugerð um framkvæmdaleyfi og unnin skógræktaráætlun þar sem er lagt mat á grunnástand lands. Mat á því hvenær skógrækt telst hafa jákvæð heildaráhrif er bundin af þeim umhverfisþáttum sem eru fyrir áhrifum, ekki er dregið í efa að mólendi sem tekið er undir skógrækt hefur neikvæð áhrif á búsvæði mófugla. Þá getur þurft að líta til þess hvort land sem ráðstafa skuli undir skógrækt sé nýtt sem sameiginlegt beitarland, sbr. 5. gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil, þar sem kveðið er á um að afréttarland verði ekki gert að heimalandi nema með samþykki sveitarstjórnar.
	Landnotkun Samkvæmt fundargerð sveitarstjórnar 17. september sl. var samþykkt að breyta 19,3 ha svæði í Þórustaðamýri úr óbyggðu svæði í landbúnaðarsvæði vegna fyrirhugaðrar kartöfluræktar. Þar sem sú ákvörðun var tekin eftir að fyrirliggjandi tillaga að aðalskipulagi var auglýst kemur breytingin ekki fram í tillögunni. Svæðið er framræst votlendi en virðist, miðað við loftmyndir, enn vera að hluta blautt. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að lagt verði mat á núverandi ástand og verndargildi votlendisins og áhrif fyrirhugaðrar landnotkunar áður en ákvörðun er tekin um breytingu á landnotkun, enda er líklegt að framkvæmdin kalli á frekara rask á votlendinu.	Kartöfluræktar er heimil í Þórustaðamýri skv. samþykkt um óshólasvæðið frá 1998 og stangast ekki á við heimild. Svæðið verður endurskilgreint úr óbyggð svæði í opin svæði í samræmi við gildandi aðalskipulag.
	Umhverfismál/Náttúruvernd Tvö markmið tengd náttúruvernd hafa bæst við í kaflann um umhverfismál í greinargerðinni en ekki er fjallað um þau mál í leiðarljósi aðalskipulagsins. Markmiðunum sem hefur verið bætt við er að ,,gætt skal að verndun óbyggðra víðerna fyrir komandi kynslóðir“ og að ,,Eyjafjarðarsveit tekur tillit til náttúrunnar í sinni skipulagsvinnu“. Jákvætt er að þessum markmiðum hafi verið bætt við. Náttúrufræðistofnun telur þó tilefni til að ganga lengra og setja skýrari markmið um vernd náttúruminja,	Til þess að mögulegt sé að taka tillit til plantna sem njóta verndar þurfa að liggja fyrir betri tól af hálfu stjórnvalda til að mögulegt sé að greina þau svæði og afmarka vernd þeirra í aðalskipulagi. Allar meiriháttar framkvæmdir eru háðar deiliskipulagi og því er afstaða um sértæka vernd tekin á deiliskipulagsstigi þar sem nánar er fjallað um staðbundnar aðstæður hverju sinni.

	líffræðilegrar fjölbreytni, jarðminja og landslags og að náttúruvernd endurspeglist jafnframt með skýrum hætti í leiðarljósi aðalskipulagsins. Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir valdi raski á sjaldgæfum gróðurfélögum eða plöntum sem hafa verndargildi. Náttúrufræðistofnun getur ekki tekið undir þessa niðurstöðu, þar sem sjaldgæfar plöntutegundir með hátt verndargildi finnast innan sveitarfélagsins, m.a. maríulykill og eggtvíblaðka. Maríulykill hefur auk þess fundist í grennd við fyrirhuguð framkvæmdarsvæði. Nánari grein fyrir þessu var gerð í fyrri umsögn stofnunarinnar. Í fyrri umsögn var einnig bent á að ekki væri gerð fullnægjandi grein fyrir vistgerðum innan sveitarfélagsins. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar gefur yfirlit yfir útbreiðslu vistgerða á svæðinu og ljóst er að þar finnast ýmsar vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi, m.a. votlendisvistgerðir. Náttúrufræðistofnun telur að gera þurfi grein fyrir þessum vistgerðum og taka mið af verndargildi þeirra við stefnumótun um landnotkun. Náttúrufræðistofnun ítrekar jafnframt að maríulykill er friðuð á grundvelli reglugerðar nr. 1385/2021 (Auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna.) og skilgreind á válista sem tegund í hættu (EN) (Válisti æðplantna 2018 | Náttúrufræðistofnun). Þetta kemur ekki fram í umhverfis- og forsenduskýrslu og þarf að bæta úr því. Fuglalíf er auðugt í Eyjafjarðarsveit, sérstaklega á Óshólmasvæðinu, sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði. Jákvætt er að svæðinu hafi verið bætt við skýringaruppdrátt um náttúruvernd. Ekki er þó gerð grein fyrir mikilvægi þess fyrir fuglalíf í greinargerð aðalskipulagsins né hvernig tekið skuli tillit til þess við ákvarðanir um landnotkun. Aðeins eitt friðlýst svæði er að hluta innan sveitarfélagsins, Þjórsárver, og er það sýnt á sveitarfélagsuppdrætti. Ekki er þó gerð nánari grein fyrir svæðinu í aðalskipulaginu. Náttúrufræðistofnun telur að gera eigi grein fyrir verndargildi svæðisins og markmiðum	Bætt verður við umfjöllun um mikilvæg fuglasvæði í greinargerð. Bætt verður við umfjöllun um friðlýst svæði í greinargerð Gerð verður grein fyrir réttarstöðu svæða sem falla undir C-hluta náttúruminjaskrár í greinargerð. Þekjur til mörkunar á skipulagsuppdrætti er í samræmi við skipulagsreglugerð með merkingum sem táknar hvers eðlis afmörkunin er.

	friðlýsingarinnar og setja skýra stefnu um landnotkun sem tryggir samræmi við friðlýsinguna. Tvö svæði innan sveitarfélagsins eru á C-hluta náttúruminjaskrár, Hólmarnir og Leyningshólar og Hólahólar. Fram kemur í greinargerðinni að forðast beri að raska svæðum á C-hluta náttúruminjaskrár. Náttúrufræðistofnun telur rétt að jafnframt sé gerð grein fyrir þeirri réttarstöðu sem leiðir af 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Á sveitarfélagsuppdrætti er sama kortaþekja notuð fyrir friðlýst svæði og önnur svæði sem falla undir náttúruvernd. Náttúrufræðistofnun telur æskilegt að gera skýran greinarmun á þessum flokkum á uppdrættinum, enda er verndarstaða þeirra og lagalegur grundvöllur ólíkur. Í kafla 12 í greinargerðinni er fjallað um samræmi aðalskipulagsins við aðrar áætlanir. Þar vantar stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni og markmið til ársins 2030, sem gefin var út árið 2025. Þar sem líffræðileg fjölbreytni er jafnframt meðal þeirra umhverfisþátta sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að gerð sé grein fyrir samræmi aðalskipulagsins við stefnuna og að markmið hennar og áherslur endurspeglist betur í skipulaginu. Eins og fram kemur í umhverfisskýrslunni sýnir fyrri kortlagning að stór svæði innan Eyjafjarðarsveitar falla undir óbyggð víðerni. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að tekið sé mið af verndargildi þeirra við stefnumótun um landnotkun. Stofnunin bendir jafnframt á nýlega útgefna reglugerð um kortlagningu og skilgreiningu óbyggðra víðerna og telur rétt að styðjast við hana við áframhaldandi kortlagningu og stefnumótun sveitarfélagsins (REGLUGERÐ um kortlagningu óbyggðra víðerna. | Stjórnartíðindi). Líkt og fram kom í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar hvetur stofnunin Eyjafjarðarsveit til að leggja aukna áherslu á náttúruvernd í aðalskipulaginu og setja skýrari stefnu um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, vistgerða, tegunda, jarðminja, landslags og óbyggðra víðerna. Mikilvægt er að upplýsingar um grunnástand og verndargildi náttúrufars liggi til grundvallar ákvörðunum um landnotkun og að tekið sé mið af þeim við staðarval framkvæmda og annarrar landnýtingar. Að mati	Gerð verður grein fyrir stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni og markmið í greinargerð. Verndargildi óbyggðra víðerna er tryggt með landnotkuninni óbyggð svæði og ákvæðum um vernd óbyggðra víðerna. Viðurkennd kortlagning af hálfu stjórnvalda þarf til þess að geta tekið skýrari afstöðu. Afstaða sveitarfélagsins til skýrari stefnu um náttúruvernd verður tekin til skoðunar.

	Náttúrufræðistofnunar felast jafnframt tækifæri í að styrkja náttúruvernd innan sveitarfélagsins með skýrari stefnumörkun um vernd verðmætra náttúrusvæða, m.a. með friðlýsingu og hverfisvernd þar sem það á við.	
Heilbrigðiseftirlit norðurlands eystra	HNE fagnar sérstaklega skilgreiningu varúðarsvæða (VA1–VA4) og staðsetningu þekktra miltisbrandsgrafa innan sveitarfélagsins. HNE gerir ekki athugasemdir við megináherslur skipulagsins en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri: Fráveitumál Í gögnunum sem lögð eru fram til umsagnar er bæði vísað til eldri reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, meðal annars í viðauka um þróun byggðar í Vaðlaheiði, og reglugerðar nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Reglugerð nr. 798/1999 hefur verið felld brott og þarf því að uppfæra tilvísanir og vísa til reglugerðar nr. 1450/2025. HNE tekur undir þá stefnu skipulagsins að komið verði á sameiginlegum fráveitulausnum og hreinsivirkjum fyrir ný íbúðar- og frístundabyggðarsvæði. Áður en uppbygging hefst þarf að liggja fyrir fullnægjandi fráveitulausn og sýnt fram á að hreinsun uppfylli kröfur gildandi reglugerðar og að viðtaki þoli fyrirhugað álag. Neysluvatn og vatnsvernd HNE telur mikilvægt að vegna frekari uppbyggingar verði sýnt fram á öruggt aðgengi að nægu og heilnæmu neysluvatni. Þetta á sérstaklega við um Vaðlaheiði, þar sem gert er ráð fyrir verulegri uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, frístundahúsa og gististaða. Tryggja þarf að fyrirhuguð uppbygging og framkvæmdir, þar á meðal fráveitumannvirki og efnistaka, raski hvorki vatnsbólum né vatnsverndarsvæðum og ógni ekki gæðum neysluvatns, hvort sem um er að ræða samveitur eða einkavatnsból. HNE leggur áherslu á að sett verði fram tímasett áætlun um að ljúka afmörkun, skilgreiningu og skráningu vatnsverndarsvæða allra vatnsbóla í sveitarfélaginu í samræmi við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Efnistökusvæði Skipulagið gerir ráð fyrir umfangsmikilli efnistöku á fjölmörgum efnistökusvæðum, sem mörg hver eru staðsett við Eyjafjarðará og þverár hennar. HNE minnir á að efnistaka er starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit	Tilvitnun í lög um fráveitu hafa verið uppfærð Afmörkun vatnsverndarsvæða er í höndum heilbrigðisnefnda, afmörkun þeirra er sett fram á uppdrætti aðalskipulags. Ekki er að finna ákvæði um skilgreiningu og skráningu vatnsverndarsvæða allra vatnsbóla í sveitarfélaginu í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn eða reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Tilvitnun í lög og reglugerðir verða uppfærð.

	og að óheimilt er að hefja vinnslu áður en leyfi hefur verið gefið út. Þá er bent á að í kafla 6.6 er vísað í reglugerð nr. 785/1999, en hún hefur verið felld úr gildi með reglugerð nr. 550/2018, reglugerðartilvísun þarf því að uppfæra til samræmis við gildandi reglugerð.	
	HNE telur að styrkja þurfi umfjöllun um áhrif efnistöku á vatnshlot og samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í skilmálum einstakra efnistökusvæða í töflu 12 er í sumum tilvikum tekið sérstaklega fram að efnistaka megi ekki hafa neikvæð áhrif á tiltekið vatnshlot. Sambærileg ákvæði vantar hins vegar fyrir önnur efnistökusvæði í eða við vatnsföll. Þetta misræmi getur gefið ranga mynd af því að krafan um vernd vatnshlota eigi aðeins við um einstök efnistökusvæði. HNE telur að samræma þurfi skilmála þannig að skýrt komi fram að öll efnistaka skuli undirbúin og framkvæmd með þeim hætti að hún valdi hvorki rýrnun á ástandi vatnshlota né torveldi að umhverfismarkmið þeirra náist. HNE leggur áherslu á að fast verði haldið í bann við eldsneytisgeymslu á áreyrum og vatnsbökkum. Jafnframt er mælst til þess að sett verði skýr ákvæði um vinnslutíma, hljóðvist og mótvægisaðgerðir gegn rykmengun á efnistökusvæðum sem staðsett eru nálægt byggð, útivistar- eða ferðaþjónustusvæðum.	Efnistökusvæði í Eyjafjarðará byggja á heimild fyrri skipulagsáætlana og þeirri reynslu sem fengist hefur með efnistöku í ánni í tugi ára. Áhrif á vatnshlot miða við að vatnsgæði versni ekki. Um þetta vísast nánar til athugasemda við umsögn Hafrannsóknarstofnunar. Ákvæði efnistökusvæða er varða vatnshlot verða uppfærð og almennir skilmálar um mengun s.s. hljóðvist, vinnslutíma og mótvægisaðgerðir vegna rykmengunar bætt inn. Nákvæmari skilmálar eru settir í framkvæmdaleyfi fyrir hvert leyfi til efnistöku.
	Fyrirhuguð efnistaka innan verndarsvæðis HNE gerir alvarlega athugasemd við skilgreiningu á efnistökusvæði E4 (E3 í umhverfisskýrslu). Svæðið er samkvæmt uppdrætti staðsett innan óshólmasvæðis Eyjafjarðarár sem eru á náttúruminjaskrá vegna mikilvægs fuglalífs og sérstæðs gróðurfars og skilgreindir sem svæði annarrar náttúruverndar í skipulagstillögunni. Samkvæmt töflu 12 í greinargerð er markmið svæðisins ekki einungis efnistaka heldur að jafna vatnsbúskap milli kvísla Eyjafjarðarár. Ekki kemur fram í skipulagsgögnunum hvers vegna slík jöfnun sé nauðsynleg. Þar sem fjölmörg önnur efnistökusvæði eru skilgreind innan sveitarfélagsins telur HNE ekki nauðsynlegt að halda svæðinu inni í aðalskipulaginu og leggur til að efnistökusvæði E4 verði fellt út. Komi til þess að nauðsynlegt reynist að ráðast í rennslisjöfnun, til dæmis af öryggisástæðum, verði það gert sem sérstök framkvæmd að undangengnum nauðsynlegum rannsóknum og leyfisveitingum.	Megin markmið efnistökusvæðis E4 er að jafna rennsli um austari kvísl Eyjafjarðarár. Einnig er bent á að Eyjafjarðará er varnarlína fyrir búfé og því mikilvægt að hafa vatnsrennsli í austari kvíslinni. Rennslisstýring milli kvíslanna á svæðinu og efnistaka geta reynst nauðsynlegar m.a. til að varna flóðahættu og verndun búsvæða fugla. Straumhraði í kvíslum neðst í Eyjafjarðará er alla jafna ekki nægur til að skila framburði úr farvegum sem hafa verið að breytast og fyllast vegna þess. Til að heimilt sé að bregðast við þessu og heimila framkvæmdir vegna þessa, sbr. t.d. 18. gr. laga um stjórn vatnamála, er nauðsynlegt að mati sveitarfélagsins að hafa svæðið inni á aðalskipulagi sem efnistökusvæði.
	HNE bendir einnig á augljóst misræmi á milli umhverfisskýrslu og greinargerðar skipulagsins varðandi umrætt svæði: Í umhverfisskýrslu (bls.	Skilmálar varðandi efnistöku verða uppfærðir og eyrnamerktir sértækri ráðstöfun að undangengnum viðeigandi athugunum auk þess sem efnistaka er háð umsögn Náttúruverndarstofnunar,

	26) er vísað til nýs efnistökusvæðis í austari kvísl sem E3. Í greinargerð (tafla 12) og á aðalskipulagsuppdráttum er þessu svæði gefið heitið E4, á meðan E3 er skilgreint sem annað og mun stærra efnistökusvæði (50.000 m³ við Vagli, Syðra-Gil, Ytra-Gil og Hvamm). Nauðsynlegt er að leiðrétta þetta misræmi. Niðurstaða HNE telur að styrkja þurfi umfjöllun skipulagsins um áhrif efnistöku á vatnshlot og samræmi við lög um stjórn vatnamála. Jafnframt þarf að leiðrétta misræmi varðandi efnistökusvæði E3/E4. HNE gerir alvarlega athugasemd við skilgreiningu efnistökusvæðis E4 innan óshólma Eyjafjarðarár og leggur til að svæðið verði fellt út úr tillögunni. Að öðru leyti gerir HNE ekki athugasemdir við fyrirliggjandi skipulagstillögu.	Náttúrufræðistofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar. Misræmi vegna efnistökusvæða í greinargerð og umhverfisskýrslu verður lagfært.
Vegagerðin	Vegagerðin ítrekar fyrri umsögn dags. 5.3.2026 um uppbyggingu í Kaupangssveit og að horfa þurfi á svæðið sem þéttbýli. Í kafla 8, undir stefnumörkun stendur að stefnt verði að því að sem flestir tengivegir fái bundið slitlag á skipulagstímabilinu. Framkvæmdir eins og lagning bundins slitlags eru háðar fjárveitingum. Eins og staðan er í augnablikinu eru engar fjárveitingar fyrir lagningu bundins slitlags á tengivegi í Eyjafjarðarsveit næstu árin. Í töflu 18 í kafla 8.1 eru Knarrarbergsvegur og Leifsstaðavegur taldir upp sem tengivegir sem er ekki rétt. Vegirnir eru báðir héraðsvegir. Uppfæra þarf upplýsingar um Samgönguáætlun í kafla 12.4 miðað við stöðuna í dag. Ný samgönguáætlun var samþykkt í júní 2026. Í töflu yfir vegi í náttúru Íslands eru F752, F821 og F881 taldir upp. Þessir vegir eru á vegaskrá og teljast því ekki til vega í náttúru Íslands. Skrá yfir vegi í náttúru Íslands hefur ekki hlotið samþykki hjá Vegagerðinni. Sveitarfélag skal útbúa drög að þekju yfir vegi í náttúru Íslands við gerð aðalskipulags skv. reglugerð nr. 260/2018. Á heimasíðu Skipulagsstofnunar er að finna leiðbeiningar um nánari útfærslu og vinnu.	Það er skýr stefna sveitarfélagsins að öll uppbygging þjónustu af hálfu sveitarfélagsins byggist upp á Hrafnagili þar sem er skilgreint þéttbýli samkvæmt skipulagslögum og megin þungi íbúðarbyggðar. Skilgreining á þéttbýli er ekki einhlít í lögum og reglum. Í Kaupangssveit býðst annarsskonar búsetuumhverfi og eftirspurn eftir búsetu í fögru umhverfi sólarmeginn í Eyjafjarðarsveit. Sveitarfélagið hvetur Vegagerðina til að líta á þéttleika byggðar í Kaupangssveit og draga niður hámarkshraða eins og lagt er til í rammahluta aðalskipulags fyrir Vaðlaheiði og skapa þannig svigrúm til bættrar landnýtingar á svæðinu. Skilgreining Knarrarbergsvegar og Leifsstaðavegar verður uppfærð í töflu í kafla 8.1. Tilvitnun í samgönguáætlun er lagfærð. Tafla um vegi í náttúru Íslands verður lagfærð. Þekja yfir vegi í náttúru Íslands hefur verið útbúin og er aðgengileg á skipulagsgátt.

	Tengingar við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar. Vegagerðin mælir með vinnufundum með fulltrúum sveitarfélags, Vegagerðarinnar og ráðgjafa vegna þessa máls. Þekja skal send til Vegagerðarinnar til endanlegrar samþykktar, bæði varðandi tengingar við þjóðvegi og vegna yfirferðar landupplýsingagagna. Þegar sátt er um gögnin tekur Skipulagsstofnun við skránni og sér til þess að hún berist Vegagerðinni til skráningar og birtingar. Þessi vinna getur verið tímafrek og gera þarf ráð fyrir henni í ferli við vinnu aðalskipulags.	
Bændasamtök Íslands	Framsal á skipulagsvaldi Í kafla 5.6 er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn geti veitt undanþágu frá reglum um fjarlægðarmörk bygginga, enda liggi fyrir samþykki allra þinglýstra eigenda aðliggjandi jarða. Bændasamtökin gera alvarlegar athugasemdir við þetta fyrirkomulag. Með því er skipulagsvald, sem lögum samkvæmt hvílir á herðum lýðræðislega kjörinnar sveitarstjórnar, í reynd framselt til einstakra landeigenda. Þetta felur í sér að hver og einn nágranni fær skilyrðislaust neitunarvald gagnvart framkvæmdum, óháð heildstæðu mati á hagsmunum umsækjanda, hagsmunum nágranna og almannahagsmunum af uppbyggingu. Ákvæðið gengur þannig gegn þeirri grundvallarreglu skipulags- og stjórnsýsluréttar að stjórnvöld skuli taka ákvarðanir á grundvelli málefnalegs og heildstæðs mats á öllum viðeigandi sjónarmiðum. Vernd ræktunarlands og matvælaframleiðslu Bændasamtökin fagna þeirri áherslu sem lögð er á vernd ræktunarlands og flokkun landbúnaðarlands í flokkana L1 og L2. Samtökin telja mikilvægt að þeirri stefnu verði fylgt eftir af festu við frekari skipulagsvinnu og deiliskipulagsgerð. Ræktunarland er takmörkuð og óendurnýjanleg auðlind sem hefur grundvallarþýðingu fyrir innlenda matvælaframleiðslu, fæðuöryggi og atvinnusköpun í dreifbýli. Við staðarval nýrrar byggðar og annarra mannvirkja verði eftir fremsta megni leitast við að nýta þegar röskuð svæði eða land sem hefur minna gildi til matvælaframleiðslu. Með þeim hætti má tryggja að framtíðarmöguleikar landbúnaðar og matvælaframleiðslu í sveitarfélaginu skerðist sem minnst. Jafnframt vilja samtökin undirstrika að vernd ræktunarlands er ekki einungis hagsmunamál landeigenda heldur einnig samfélagslegt hagsmunamál. Í ljósi aukinnar áherslu á fæðuöryggi, sjálfbærni og viðnámsþrótt	Ákvæði um fjarlægðarmörk bygginga varðar genndarhagsmuni, mögulegt ónæði og ásýnd. Fjarlægðarmörkin eru ríkuleg og því eðlilegt að ef hagsmunir aðliggjandi landeigenda eru ekki þeim mun ríkari, þá sé heimilt að byggja nær landeignamörkum en annars væri mögulegt. Að því sögðu eru undanþágur ekki meginregla aðalskipulagsins eins og ákvæðið ber með sér. Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum. Ákvæði aðalskipulags varðandi uppbyggingarheimildir á landbúnaðarlandi eru skýr og takmarkandi. Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum.

	samfélaga gagnvart ytri áföllum er mikilvægt að sveitarfélagið varðveiti möguleika til matvælaframleiðslu til framtíðar. III. Fjölbreytt nýting lögbýla og aukabúgreinar Bændasamtökin fagna þeim heimildum sem lagðar eru til um fjölbreytta nýtingu lögbýla og aukabúgreinar á landbúnaðarsvæðum. Slíkar heimildir eru mikilvæg forsenda þess að bændur geti lagað starfsemi sína að breyttum aðstæðum, styrkt rekstrargrundvöll búja rða og skapað fleiri tekjustoðir. Sérstaklega er jákvætt að skipulagið geri ráð fyrir svigrúmi til ferðaþjónustu og annarri starfsemi sem fellur vel að landbúnaði og stuðlar að aukinni verðmætasköpun, atvinnusköpun og búsetufestu í dreifbýli. IV. Samspil nýrrar íbúðabyggðar og starfandi Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir umtalsverði uppbyggingu íbúðarbyggðar í Vaðlaheiði og víðar í dreifbýli sveitarfélagsins. Jafnframt er tekið fram að íbúar á þessum svæðum megi gera ráð fyrir áhrifum frá landbúnaðarstarfsemi, svo sem lykt vegna áburðarnotkunar, búfjárhalds og umferðar landbúnaðartækja. Bændasamtökin telja mikilvægt að skipulagsákvarðanir taki áfram mið af því að landbúnaður sé ein af meginstoðum atvinnulífs sveitarfélagsins. Við frekari skipulagsvinnu þarf að tryggja að aukin íbúðabyggð leiði ekki til skerðingar á möguleikum bænda til að stunda hefðbundinn búrekstur eða þróa starfsemi sína til framtíðar. Sérstaklega þarf að gæta þess að ný byggð skapi ekki síðar árekstra vegna eðlilegra áhrifa landbúnaðarstarfsemi sem þegar er til staðar. Bændasamtökin telja jafnframt mikilvægt að skýrt verði kveðið á um í skipulagi og deiliskipulagsgerð að nýir íbúar og landeigendur á svæðum sem liggja að starfandi bújörðum geri ráð fyrir þeim áhrifum sem fylgja eðlilegri landbúnaðarstarfsemi. Mikilvægt er að tryggja að kvartanir sem kunna að koma fram síðar vegna lyktar, hávaða, búfjárhalds, áburðarnotkunar eða umferðar landbúnaðartækja leiði ekki til skerðingar á rekstrarskilyrðum starfandi bænda. Fyrirsjáanleiki og vernd búrekstrar eru nauðsynlegir þættir í skipulagi sveitarfélags þar sem landbúnaður er ein af meginstoðum atvinnulífsins. V. Ákvörðunarvald um skógrækt Í kafla 7.4 kemur fram að „Nýræktun skóga á allt að 100 ha svæði er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins sem síðan tekur ákvörðun um hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum". Að mati Bændasamtakanna samræmist þetta ekki gildandi lögum.	Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum. Allri byggð í sveit fylgir áhrif af landbúnaðarstarfsemi sem íbúar mega vænta og þurfa að búast við á þeim svæðum. Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum. Ákvæði um tilkynningarskyldu vegna umhverfisáhrifa verður uppfærð. Allar afmarkanir skógræktar byggja á eldri samningssvæðum, ný skógræktaráform verða metin skv. ákvæðum aðalskipulags og viðeigandi reglna.

	Samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana er það á valdsviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar að taka ákvörðun um matsskyldu framkvæmda. Nauðsynlegt er því að ákvæðið verði leiðrétt þannig að það samræmist gildandi rétti. Jafnframt vilja samtökin benda á að skipulagstillagan leggur ríka áherslu á hlutverk skógræktar í sjálfbærri landnýtingu, landbótum, kolefnisbindingu og atvinnusköpun. Bændasamtökin fagna þeim áherslum og þeim heimildum sem lagðar eru til um skógrækt á landbúnaðarsvæðum í flokki L2 enda geti þær stuðlað að landbótum fjölbreyttari landnýtingu og aukinni kolefnisbindingu. Á sama tíma telja Bændasamtökin mikilvægt að skipulagið tryggi nægilegan fyrirsjáanleika fyrir þá landeigendur sem hafa ráðist í skógrækt á grundvelli langtímaáætlana, samninga við hið opinbera og verulegra fjárfestinga. Skipulagsákvarðanir sem geta haft áhrif á slíka landnýtingu þurfa að byggja á skýrum forsendum og tryggja réttaröryggi þeirra sem þegar hafa lagt í umtalsverða uppbyggingu og skuldbindingar vegna skógræktar.	Landnotkun í aðalskipulagi er ekki fasti heldur tekur mið af straumum & stefnum, laga umhverfis hvers tíma og vilja sitjandi sveitarstjórnar. Ekki eru áform um skerðingu svæða sem nýtt eru undir skógrækt heldur yfirleitt aðlögun að raunverulegri landnotkun og vilja landeigenda eftir yfirferð sveitarstjórnar hverju sinni.
	VII. Vernd skógræktarsvæða Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins kemur fram að hluti fyrirhugaðra íbúðar- og frístundabyggðarsvæða í Vaðlaheiði verði á svæðum sem áður var skilgreind sem skógræktar- og landgræðslusvæði. Jafnframt er viðurkennt að slík breyting hafi neikvæð áhrif á landgæði, kolefnisbindingu og þá uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað á svæðunum. Bændasamtökin telja mikilvægt að hagsmunir þeirra landeigenda sem hafa ráðist í skógrækt og landbætur á grundvelli langtímaáætlana njóti aukins fyrirsjáanleika í skipulagi sveitarfélagsins. Samtökin leggja því áherslu á að við frekari skipulagsvinnu og deiliskipulagsgerð verði leitast við að lágmarka skerðingu skógræktarsvæða og tryggja að slík svæði njóti sambærilegrar verndar og aðrar landbótaaðgerðir sem byggja á langtímafjárfestingu landeigenda. Jafnframt benda Bændasamtökin á að skógrækt gegni sífellt mikilvægara hlutverki í kolefnisbindingu, loftslagsaðgerðum og sjálfbærri nýtingu. Því sé mikilvægt að meta áhrif breytinga á skógræktarsvæðum ekki eingöngu út frá hefðbundinni landnýtingu heldur einnig með hliðsjón af markmiðum um kolefnisbindingu, landbætur og sjálfbæra nýtingu lands. Bændasamtök Íslands óska því eftir því að tekið verði tillit til framangreindra athugasemda við	Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum.

	áframhaldandi meðferð málsins og að tillagan verði endurskoðuð í samræmi við þær áður en aðalskipulagið verður samþykkt og sent til staðfestingar.	
Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir	Hérna er spurt eftir ábendingum fyrir nýtt aðalskipulag 2025-2037. En partur af því er rammaáætlun sem nýlega var samþykkt (í mai 2026). Þessi rammaáætlun er gerð í samráði við alla íbúa og landeigendur í Vaðlaheiði og er ráðandi fyrir það svæði. Þetta er sameiginlegt verkefni Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandahreppar og stefnu má ekki verða breytt einhliða. Ef sveitarstjórn, skipulagsnefnd og byggingarfulltrúi vilja vita hvað íbúar í Vaðlaheiði vilja þá er best að lesa ný gerða rammaáætlun fyrir svæðið. Gerð eftir langar umræður og fundi með öllum íbúum og landeigendum svæðisins. Að þetta passar ekki við hugmyndir nokkurra fjárfesta sem vilja hafa 5-600 manna gistingu á litlu svæði þýðir ekki að það þarf aftur og aftur að ´sjá´ hvað íbúar vilja. Það þarf bara að útskýra að þessi plön eru í algjöru ósamræmi við rammaáætlun. Í skipulagsuppdrætti birt 27.07.26 er Brúnagerði íbúasvæði: https://skipulagsgatt.is/issues/2023/1066 Að það kemur fjárfestir sem kýs að byggja í ósamræmi við deiliskipulag og vill svo breyta aðalskipulagi í ósamræmi við þetta með alls konar brasi er enginn grunnur til að fara að breyta þessari nýju stefnu í rammaáætlun þar sem allir íbúar og landeigendur hafa verið partur af að móta og flestir eru ennþá sammála. Í athugun fyrir auglýsingu og auglýsing í aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar endurskoðun 2025-2037 tillögu er skipulagsuppdráttur í aðalskipulagi ekki sá sami og í rammaáætlun (tillaga til ath. 6.05.2026). Báðir gjörólíkir uppdrættir voru kynntir á sama tíma í 4.auglýsing tillögu, sem á þá að gera það ógilt. Ef það er markmiðið að fá þessar breytingar í gegn með því að rugla í íbúum með að kynna alveg ólíka skipulagsuppdrætti virðist það ætla að heppnast en samkvæmt skipulaginu Þróun byggðar í Vaðlaheiði, sem á samkvæmt aðalskipulagi að vera ráðandi fyrir það svæði, er Brúnagerði íbúasvæði. Í aðalskipulagi er því allt í einu breytt í Verslunar og þjónustusvæði með 104 manna gistingu í orlofsþorpi (í aðalskipulagi er talan 65 nefnd, sem er röng tala miðað við 8 manna gistingu í 13 húsum). Ef við bætum við fyrirhugaðri stækkun hjá Leifsstöðum II er komin nánast 500 manna gisting, sem er ekki í samræmi við stefnu þessa aðalskipulags. Ef þið haldið að þetta sé stefnan sem íbúar og sveitarstjórn samþykktu í rammaáætlun er	Stefna rammahluta aðalskipulags fyrir Svalbarðsstrandarhrepp og Eyjafjarðarsveit er hornsteinn þeirrar vinnu sem lögð hefur verið í endurskoðun aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar. Ákvæði og stefnur rammahlutans hafa verið teknar inn í Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2025 – 2037 auk þess sem rammahlutinn fylgir endurskoðuðu aðalskipulagi sem viðauki og er áfram forsögn fyrir gerð deiliskipulagsáætlana og uppbyggingu á svæðinu til framtíðar. Aðalskipulag er stefna sveitarfélagsins, sett fram til 10 – 12 ára í senn. Stefnan er þó lifandi plagg og tekur mið af þróun svæða og vilja landeigenda að undangenginni kynningu fyrir íbúum og hagsmunaaðilum hverju sinni. Stefna aðalskipulags á að vera gagnsæ og breytingar á henni eru háðar kynningu fyrir íbúum. Að endingu tekur sveitarstjórn ákvörðun um að breyta aðalskipulagi ef áformin eru sveitarfélaginu til hagsbóta og áformin hagkvæm og innan skynsemismarka. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gildandi stefna rýnd frá grunni, lagðar til endurbætur og breytingar í takt við þróun samfélagsins með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Sú stefna sem hér er lögð fram er því byggð á gildandi áætlunum ásamt breytingum sem sveitarstjórn

	kominn tími til að lesa rammaáætlun og gildandi aðalskipulag eða fara aftur í samræður við alla íbúa Vaðlaheiði í Svalbarðsstrandarhreppi og Eyjafjarðarsveit. En við skiljum ekki tíma- og peningabruðlið þegar búið er að vinna þessa vinnu mjög vandlega af fyrrverandi skipulags- og byggingarfulltrúa, og þetta kemur skýrt fram í rammahluta aðalskipulags. Sveitarstjórn virðist hafa misst tengingu við stóran part af sveitinni. Ég vil líka benda á hvað það er hrikalega óvægið gagnvart fyrsta íbúa í hverfi Brúnagerði sem hefur byggt sér hús og búið þar í um 20 ár í skipulögðu íbúðarhverfi en er svo óvænt umkringd orlofshúsum og á að stórbreyta íbúðarhverfinu hennar í verslunar- og þjónustusvæði. Ég efast um að nokkur í sveitarstjórninni myndi vilja að þetta gerðist í þeirra heima bakgarði. Er ekki rammaáætlun einmitt gerð til að koma í veg fyrir svona ófyrirsjáanleika og eiginhagsmuna brask í skipulagi. Ég bendi einnig á Opið bréf og ítarlegar athugasemdir sem þegar hafa borist frá okkur í tengdum málum 2025: 333, 337, 338 og 1107/2025 Virðingarfyllst, Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir	telur ásættanlega og heildinni til hagsbóta. Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar við athugasemdir breytinga á gildandi aðalskipulagi hefur verið tekin ákvörðun um fækkun á fjölda gistirúma á í Kaupangssveit. Það er eðli umhverfisins að taka breytingum í takt við eftirspurn og tíðaranda hverju sinni þar sem landbúnaður er hverfandi en aukin ásókn eftir landi til uppbyggingar. Með rammahluta aðalskipulags eru lagðar línur um þróun byggðar til framtíðar sem eru svo mótaðar enn fremur við endurskoðun aðalskipulags.
Karl Freyr Karlsson	Í nýjum drögum að aðalskipulagi er gert ráð fyrir umtalsverðri aukningu á byggingarmagni á Leifsstöðum II og að mestu í samræmi við áður auglýstar tillögur á breytingum á deili- og aðalskipulagi fyrir sama svæði. Slíkum breytingum myndi fylgja margföldun umferðarþunga með fyrirséðum neikvæðum áhrifum fyrir íbúa og eigendur fasteigna á svæðinu. Í aðalskipulagi mætti íhuga að gera ráð fyrir sameiginlegri hreinsistöð fyrir fráveitu sem gæti í framtíðinni þjónað syðri hluta byggðar í Vaðlaheiði. Skýrar mætti betur og nánar hvar sé gert ráð fyrir aðkomu að nýjum íbúðarsvæðum austan og norðan við Brúnahlíðarhverfið.	Tekin verður afstaða til fyrirhugaðrar uppbyggingar að leifsstöðum II í ljósi umsagna að teknu tilliti til samráðs við Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila. Svæði undir sameiginlegar fráveitulausnir hefur verið tekið frá í Kaupangssveit Aðkoma að nýjum íbúðarsvæðum verður sett fram í deiliskipulagi sem verður kynnt íbúum og hagsmunaaðilum.
Helga Hólmfríður Gunnlaugsdóttir	Ég vil leyfa mér að vera jákvæð og trúa þeim loforðum sem sveitastjórn gaf fyrir kosningar. Bæði þeim sem sitja í meiri- og minnihluta. Að þeir beri fyrst og fremst hag þeirra, sem nú þegar búa í sveitinni fyrir brjósti, bæði mönnum og öðrum dýrategundum. Það voru gerð mistök. Íbúabyggð breyttist í frístundabyggð. Ekki gera fleiri slík mistök. Það verður að tryggja það að fráveitulausnir séu fullnægjandi áður en frekari byggingaleyfi verða gefin? Enginn vill skaða lífríki sveitarinnar. Eða	Öll fráveita er uppbyggð skv. gildandi lögum og reglugerðum þar að lútandi.

	hvað? Það þarf einnig að tryggja aðgengi að neysluvatni áður en frekari leyfi verða veitt til áframhaldandi bygginga. Er öruggt að ekki muni verða röskun á okkar neysluvatni? Umferð á bæði Leifsstaða- og Knarrarbergsvegi bera illa það gríðarlega mikla álag sem aukin byggð hefur nú þegar valdið, með tilheyrandi ryk og hljóðmengun fyrir íbúa. Svo ekki sé talað um, fyrir þau börn sem þarna standa í vegakanti, bíðandi eftir skólabílnum í svarta myrkri. Hraðinn er gríðarlega mikill á Leifsstaðavegi. Verndum börnin okkar. Í sumar gaf Knarrarbergsvegkanntur sig undan vinnuvél sem vék fyrir fólksbíl. Snarræði ökumanns vélarinnar bjargaði, að ekki fór verr. Ef leyfa á þessa miklu aukningu á byggð hér í Vaðlaheiðinni, þarf að endurskoða vegamál alvarlega. “Áður” en þessar breytingar verða samþykktar. - Við tryggjum ekki eftir á. Ég skora aftur á sveitarstjórn og skipulagsnefnd að hafa í huga framvegis að ekki verði gengið á rétt þeirra íbúa sem þegar búa í sveitarfélaginu. Bæði varðandi lífsgæði og verðmæti. Uppbygging er af hinu góða en á aldrei að koma niður á þeim sem fyrir eru. Mér skilst að sveitastjórnin vilji alls ekki að byggðin í Vaðlaheiði breytist úr dreifbýli í þéttbýli. En ef við heiðarbúar, verða orðin talsvert fleiri en í þéttbýliskjarnanum Hrafnagilshverfi, er þá ekki tími til kominn að breyta þessu? Hugsum um hvert annað. Góðar kveðjur	Norðurorka útvegar neysluvatn á sínu þjónustusvæði. Víða eru einkaveitur sem eru á ábyrgð landeigenda hverju sinni sem ber að tryggja vatn skv. samningum. Unnið er að öryggismálum samhliða skipulagsgerð og framkvæmdum hverju sinni í samráði við Vegagerðina. Unnið er að útfærslu við Leifsstaða og Knarrarbergsveg til að auka umferðaröryggi. Vegagerðin og sveitarfélagið ber ábyrgð á vegum sem eru nýttir í almannaþágu. Með aukinni uppbyggingu er frekari krafa um endurbætur á vegakerfinu. Stefna sveitarstjórnar um uppbyggingu í Vaðlaheiði og annarsstaðar er sett fram í skipulagsgögnum. Þar er lagt mat á hagkvæmni uppbyggingar og heildarhagsmuni íbúa sveitarfélagsins þegar áform eru samþykkt.
Jóhann Reynir Eysteinsson	Athugasemd 1: Ég óska eftir að íb 37 sé stækkað um 1.5 hektara í suður . Athugasemd2: Ég ósa eftir að hjóla/göngustígur verði ekki á gamla þjóðveginum frekar meðfram núverandi akveg. Vegna þess að ég tel það skerða möguleika okkar á uppbyggingu á svæðum íb 36 og íb 38. Að sömu ástæðu vil ég ekki að vegtenging inná svæði íb42 fari um gamla þjóðveginn norðanfrá í gegnum land Eyrarlands. Enda var gamla veginum skilað til landeigenda þegar núverandi akvegur var tekinn í notkun á sínum tíma. Þess má geta að ég hef komið með þessa athugasemd á öllum stigum þessa skipulagsferlis þegar kostur hefur verið gefinn á.	Reitur ÍB37 í auglýstri tillögu er eyrnamerktur einu íbúðarhúsi sem nýtur aldursfriðunar. Breyta reitnum í samræmi við ósk landeiganda. Stefna sveitarstjórnar er sýnd í aðalskipulagi, allar útfærslur vegna framkvæmda eru háðar samkomulagi við landeigendur. Áform um efnistöku vestan eyjafjarðarbrautar eru háðar

	Athugasemd3 : Ég óska eftir að fundin verði leið svo að við getum áfram nýtt okkur sandtöku úr ánni vestan Eyjafjarðarbrautar til eigin nota. Þannig hefur það lengi verið gert og ég tel að við það ætti að mega áfram, ef það er gert með sjálfbærum hætti, hvað varðar t.d. magn af efni og tímasetningu. Efnistaka gæti farið fram yfir vetrarmánuði. Einnig tel ég að hófleg sandtaka á þessu svæði geti liðkað fyrir auknu rennsli í austustu kvísl Eyjafjarðarár. Rennslið þar hefur minnkað gífurlega á seinustu árum og ef ekkert verður að gert tel ég að hún geti að einhverju leyti þornað alveg upp. Sem að mínu mati hefði neikvæð áhrif á nátturu og fuglalíf á svæðinu.	samráði við náttúruverndarstofnun og náttúrufræðistofnun auk starfsleyfis frá Heilbrigðiseftirlitinu. Þau efnistökusvæði sem sýnd eru í aðalskipulagi gefa ekki sjálfkrafa heimild til efnistöku heldur eru bundin af áfangaskiptingu og rannsóknum á áhrifum efnistöku. Skýrsla sem unnin var í aðdraganda gildandi aðalskipulags gaf til kynna að ekki væri æskileg efnistaka á óshólmasvæðinu.
Sigurgeir B Hreinsson	Í athugasemd þessari vil ég taka undir umsögn Jóhanns Tryggvasonar á Vöglum um efnistökusvæði Eyjafjarðarár. Má þar nefna að í skipulagslýsingu er kveðið á um að efnistökusvæði E3 sé þrískipt en síðan taldir upp 4 bæir sem því tilheyra. Þar að auki er land Hvamms við Eyjafjarðará að mestu innan óshólmasvæðis og eðlilegt að sé á sér númeri í skipulagi. Sé ekki heldur hvað rök eru á bakvið þá ákvörðun að lækka leyfilegt efnistökumagn á nefndu svæði.	Efnistaka úr árfarvegi Eyjafjarðarár er háð varfærnislegri og áfangaskiptri efnistöku á afmörkuðum svæðum óháð eignarhaldi. Framburður árinnar veldur því að svæðin endurnýja sig með tímanum en óhófleg efnistaka hefur neikvæð áhrif á líkfríki, búsvæði fiska og afkomu fugla. Í gildandi aðalskipulagi er lögð til efnistaka, meiri en 100.000 m3 á skipulagstímabilinu sem er ekki möguleg m.v. skipulagslöggjöfina sem skilyrðar hámark á efnistöku. Með því að heimila allt að 50.000 m3 á svæðum E3 á tveggja ára tímabili er mögulegt að endurmeta stöðuna hverju sinni og stuðlað að sjálfbærri efnistöku sem tekur tillit til aðstæðna á hverju svæði, hverju sinni og jafnar möguleika aðliggjandi jarða á hagnýtingu efnisauðlindarinnar.
Land og skógur	*Forsendu- og umhverfisskýrsla* **1.** Í forsendu- og umhverfismatsskýrslu er í kafla 3.1, bls. 24, minnst á Land og líf - Landgræðsluáætlun og landsáætlun til ársins 2031. Rétta heiti stefnunnar *Land og líf Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt 2022-2031.* **2.** Í kafla 3.2.2, bls. 28-29, er að finna mat á umhverfisáhrifum þeirra breytinga sem nýtt aðalskipulag felur í sér varðandi skógrækt innan landbúnaðarsvæða. Þar segir: „Með endurskoðuðu aðalskipulagi bætist við nýtt almenn ákvæði sem heimilar nýræktun skóga allt að 10 ha á landbúnaðarsvæðum í flokki L2. […] Tilgangur ákvæðisins er að […] einfalda framkvæmd skógræktarverkefna þar sem slíkt samræmist landgæðum og aðstæðum. […]. Ákvæði[nu] er	Tilvitnun í landgræðslu og landsáætlun í forsenduskýrslu verður lagfærð Ákvæði um heimild til skógræktar á landbúnaðarsvæðum allt að 10 ha er gagnsæ og hvetjandi umfram heimildir gildandi aðalskipulags þar sem óskýrt er um það hvenær heimildin fellur undir landnotkun landbúnaðarlands eða skógræktar- og landgræðslusvæða. Það er matsatriði hvort skógrækt fallist undir hefðbundna

	ætlað að hafa hvetjandi áhrif á skógrækt í sveitarfélaginu og styðja við fjölþætta landnýtingu þar sem aðstæður leyfa.“ Almennt er það væntanlega af hinu góða að aðalskipulag sé skýrt. Hins vegar er ekki ljóst hvort í breytingum á ákvæðum þessum felst hvatning til skógræktar eða ekki. Í gildandi aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 er ekki minnst sérstaklega á skógrækt í kafla um landbúnaðarsvæði, og í kafla um skógræktar- og landgræðslusvæði er ákvæði svo hljóðandi: „Öll skógrækt á verndarsvæðum og önnur skógrækt, 3 ha svæði eða stærra, er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar […].“ Það hvort það sé hvetjandi til skógræktar að henni sé umfram 10 ha á L2 skylt að undirgangast aðalskipulagsbreytingu (úr L í SL), veltur mikið á því hversu dýrar þær aðalskipulagsbreytingar verða og hvert sá kostnaður fellur. Stök aðalskipulagsbreyting getur verið afar dýr, en sveitarfélag getur einnig stýrt málum þannig að þau vinnist vel og tiltölulega ódýrt. Er þar allur gangur á, svosem undirrituðum er kunnugt. Verði svo, að byrjunarkostnaður við skógræktarstarf yfir 10 ha aukist verulega, þá veldur það væntanlega því að skógrækt verður síður fýsileg sem t.d. aukabúgrein. Það er með öðrum orðum ekki fyllilega öruggt að breytingar á ákvæðum aðalskipulags um skógrækt virki í reynd hvetjandi til skógræktar. Að öðru leyti telur umhverfismatið í aðalatriðum rétt og gerir engar athugasemdir þar um, umfram þær sem reifaðar eru að ofan. *Greinargerð* **3.** Í kafla 5.4 um íbúðarsvæði (ÍB), bls. 11-22, má sjá að gert er ráð fyrir að íbúðahverfi verði skipulögð í landi sem nú er vaxið skógi. - Stofnunin telur á allan hátt eðlilegt að landnotkun breytist eftir þörfum samfélags, og þar með talið að skógar víki fyrir íbúðarhverfum gerist þess nauðsyn. Væntanlega er þá hægt að láta trjágróður standa eftir að einhverju leyti. Engu að síður telur undirritaður rétt að benda á að við skipulagningu byggðar í skógi þarf, þegar þar að kemur, að fara að lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019, t.d. varðandi leyfi til varanlegrar skógareyðingar, gagnaöflun og mótvægisaðgerðir. Væntanlega verður stofnunin umsagnaraðili um þau mál og getur þá gefið leiðbeiningar eftir atvikum. **4.** Í kafla 6.5. um landbúnaðarsvæði (L), bls. 35-40, er m.a fjallað um flokkun landbúnaðarlands og um skógrækt á landbúnaðarsvæðum. Landbúnaðarlandi er eftir ræktunarhæfni skipt í	landbúnaðarstarfsemi, en í öllu falli er það stefna sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar að landnotkunarflokkur skal endurspegla megin landnotkun hverju sinni. Ef áform eru breytingar á landnotkun sem felur í sér umfangsmikil ásýndaráhrif og eðlisbreytingu lands er eðlilegt að sett séu viðmið og að íbúar og hagsmunaaðilar fái tækifæri til að tjá sig um þær breytingar. Hver kostnaður er við breytingu aðalskipulags fer eftir aðstæðum hverju sinni, en við endurskoðun aðalskipulags á 10 – 12 ára fresti gefst landeigendum tækifæri til að koma inn tillögur að breytingu á landnotkun sem eru á kostnað sveitarfélagsins með styrk frá HMS. Við framkvæmdir sem veldur varanlegri skógareyðingu verður leitast við umsögn Lands og skógar sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara. Tilvitnun um heimild til skjólbeltaræktunar á landbúnaðarlandi í flokki L1 er

	tvo flokka, L1 (mjög gott og gott ræktunarland), og L2 (sæmilegt og lélegt ræktunarland). Skógrækt er ekki heimil á L1, nema þá skjólbelti og trjálundir til skjóls. Segir þó í kafla 7.4 um skógræktar- og landgræðslusvæði, að „[á] góðu landbúnaðarlandi [sé] fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt […] til að skýla búpeningi og ræktun.“ Er hér því um örlítið ósamræmi að ræða, því að hugtakið skógrækt tekur til ræktunar skóga, sem eru breiðari en skjólbelti og stærri en skjóllundir. - Hvað varðar hömlur þær sem lagðar eru á skógrækt á L1 skv. ákvæðinu í kafla 6.5, þá telur undirritaður þær ekki þess eðlis að þær dragi ómálefnalega úr skógrækt eða torveldi hana sem atvinnugrein; L1 er að finna annarsvegar neðan héraðsvega hvoru megin í Eyjarfjarðardal, á áreyrum, og eins þar sem nú þegar hafa verið ræktuð tún ofan þjóðveganna. Ágætis svigrúm er þessvegna til skógræktar, skv. aðalskipulagstillögunni, á öðrum svæðum.	lagfærð og hugtakið skógrækt tekið út.
	5. Í kafla 6.5. um landbúnaðarsvæði (L), bls. 35-40, er eins og áður sagði, fjallað um heimildir til skógræktar á landbúnaðarlandi L2 (sæmilegu og lélegu ræktarlandi). Heimild er til skógræktar á þannig landi allt að 10 ha án þess að skógræktarsvæðið sé sérstaklega tilgreint á uppdrætti (sem skógræktar- og landgræðslusvæði SL). Þetta merkir væntanlega að nýskógrækt umfram 10 ha kalli á breytingu á aðalskipulagi. Útfæra þyrfti slíkt ákvæði þannig að það gangi ekki á móti því sem segir síðar í ákvæðinu: „Stefnt skal að aukinni skógrækt […].“ - Undirritaður bendir á að mikið veltur á því hvernig þetta ákvæði er útfært í reynd, t.a.m. því hvernig skógrækt á einni jörð sem liggur að skógræktarsvæði á annarri jörð er skilið, og eins hvort sveitarfélag stendur sjálft að aðalskipulagsbreytingu eða lætur skógræktanda standa fyrir allri vinnu við aðalskiplagsbreytingu. - Undirritaður bendir einnig á að 10 ha eru til þess að gera lág mörk: lágmarksstærð samningssvæða í bændaskógrækt á lögbýlum hefur lengi verið 10 ha, og 33 af þeim 36 skógræktarsvæðum sem er að finna upplistuð í kafla 7.4 eru stærri en 10 ha. Stofnunin hefur í umsögnum sínum bent sveitarfélögum á að ekki felist endilega nein trygging fyrir góðum vinnubrögðum við skógrækt í því að krefjast aðalskipulagsbreytingar fyrir skógrækt, og ekki fæst heldur endilega meiri yfirsýn sveitarfélags yfir skógræktaráform með þessu móti, *umfram einfaldlega að viðhafa skýr og góð vinnubrögð við framkvæmdaleyfisumsóknir*. Við afgreiðslu framkvæmdaleyfisumsókna er enda hægt að	Ákvæði um heimild til skógræktar á landbúnaðarsvæðum allt að 10 ha er gagnsæ og hvetjandi umfram heimildir gildandi aðalskipulags þar sem óskýrt er um það hvenær skógrækt fellur undir landnotkun landbúnaðarlands eða skógræktar- og landgræðslusvæða. Það er matsatriði hvort skógrækt fallist undir hefðbundna landbúnaðarstarfsemi, en í öllu falli er það stefna sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar að landnotkunarflokkur skal endurspegla megin landnotkun hverju sinni. Ef áform eru breytingar á landnotkun sem felur í sér umfangsmikil ásýndaráhrif og eðlisbreytingu lands er eðlilegt að sett séu hófleg stærðar viðmið og að íbúar og hagsmunaaðilar fái tækifæri til að tjá sig um þær breytingar. Hver kostnaður er við breytingu aðalskipulags fer eftir aðstæðum hverju sinni, en við endurskoðun aðalskipulags á 10 – 12 ára fresti gefst landeigendum tækifæri til að koma inn tillögur að breytingu á landnotkun sem eru á kostnað sveitarfélagsins með styrk frá HMS.

	óska athugasemda ýmissa aðila og auk þess viðhafa grenndarkynningu, svo sem er og um aðalskipulagsbreytingu. Aðalskipulagsbreyting ein og sér getur kostað töluvert fé, sé hver og ein aðalskipulagsbreyting látin fara í gegnum sjálfstætt ferli. Kostnaður við framkvæmdaleyfisumsóknir er hinsvegar væntanlega nær eðlilegum raunkostnaði fyrir slíkar leyfisveitingar. Það væri þess vegna ekki óráðlegt **að hafa mörkin hærri en 10 ha, en um leið að hafa uppi skýrar kröfur um gögn með framkvæmdaleyfisumsókn** til skógræktar. Rétt er að benda á ný gæðaviðmið um val á landi til skógræktar, sem nú hafa verið gefin út í 2. útgáfu. Í gæðaviðmiðunum er á aðgengilegan hátt settur fram matslisti sem styðjast má við þegar fjallað er um nýskógrækt á hverjum stað, t.d. við afgreiðslu framkvæmdaleyfis.	
	6. Í kafla 6.6. um efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) bls. 40-47, er að finna almenn ákvæði, m.a. um að „[v]ið hvers konar röskun á gróðri verði þess vendilega gætt að ekki skapist hætta á rofi og framkvæmdaaðili verður skyldaður til að græða upp a.m.k. jafnstórt svæði og þau sem röskuð verða. Enn fremur þarf að græða upp efnistökusvæðið eftir að efnistöku er lokið.“ - Stofnunin lýsir yfir ánægju sinni með þessi efnistök í ákvæðinu.	Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum
	7. Í kafla 7.4. (bls. 52-57) er fjallað um skógræktar- og landgræðslusvæði (SL). Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir eða ábendingar: **7.1.** Í inngangi (bls. 52) stendur m.a. „Nýræktun skóga á allt að 100 ha svæði er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins sem síðan tekur ákvörðun um hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.“ Hér er þessari setningu ofaukið, en hinsvegar er rétt það sem kemur fram ofar í textanum: „Samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana er nýræktun skóga á 100 ha svæði eða stærra tilkynningarskyld til HMS sem síðan tekur ákvörðun um hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.“ Eðlilega er sveitarfélagið aðili að þessum málum, í öllu falli sem umsagnaraðili. Eins er tekið fram í almennum ákvæðum í kaflanum, að „[ö]ll skógrækt á verndarsvæðum og önnur skógrækt, 10 ha svæði eða stærra, [sé] háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, […].“ Er þetta því væntanlega vel skýrt, að sveitarstjórn hafi í hendi sér ákvarðanir og leyfisveitingar til skógræktar.	Text á bls 52 verður lagfærður. Stefna sveitarstjórnar er að innan veghelgunarsvæði sé ekki stunduð

		skógrækt. Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum
	7.2. Í kaflanum (7.4) er að finna almennt ákvæði: „Skógrækt er ekki heimil innan veghelgunarsvæða.“ - Almennt hefur þar verið venjan, að láta skógræktarsvæði ekki ná inn fyrir veghelgunarlínur. Hins vegar er það í vegalögum ekki sérstök kvöð, heldur er það háð leyfi veghaldara, sbr. 32. gr. vegalaga nr. 80/2007. Hvað varðar skógrækt, þá skiptir væntanlega mestu máli að vegsýn sé óhindruð, og eins að ekki safnist snjór á vegi. Það er tillaga undirritaðs að ákvæðið verði orðað þannig: „*Almennt er skógrækt ekki heimil innan veghelgunarsvæða, en um það fer þó eftir ákvörðun veghaldara*.“	Texta um helgunarsvæði raflína hefur verið breytt og miðar við nýjar leiðbeiningar Landsnets, uppfærður texti kveður á um ,,allt að“.
	7.3. Í kaflanum (7.4) er ennfremur að finna eftirfarandi almennt ákvæði: „Helgunarsvæði raflína er allt að 42,5 m til hvorrar handar. Hafa skal samráð við Landsnet til að tryggja heimildir til framkvæmda við raflínur og jarðstrengi.“ Helgunarsvæði loftlína er afar mismunandi, og fer eftir stærð og gerð línunnar. Fleiri aðilar en Landsnet eiga loftlínur í Eyjafjarðarsveit, t.d. Rarik. Það er mikilvægt öryggisatriði að tré vaxi ekki upp við háspennulínur. Það er tillaga undirritaðs að ákvæðið verði orðað þannig: „*Hafa skal samráð við rekstaraðila raflína og jarðstrengja um helgunar- og öryggissvæði við þær.*“	Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum
	7.4. Í kaflanum (7.4.) er ennfremur að finna almennt ákvæði: „Öll skógrækt á verndarsvæðum og önnur skógrækt, 10 ha svæði eða stærra, er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.“ Mælt var fyrir um gerð gæðaviðmiðanna í stefnu hins opinbera í landgræðslu og skógrækt (Land og líf), og gert er ráð fyrir að stuðst verði við þau skv. nýrri reglugerð um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt (nr. 50/2026), sbr. a-liður 1. mgr. 3. gr. - Hér má benda á, eins og áður hefur komið fram, að skógrækt umfram 10 ha á landbúnaðarsvæði L2 er háð því að skógræktarsvæði sé tilgreint sérstaklega á uppdrætti (aðalskipulags). Við veitingu framkvæmdaleyfa getur sveitarfélagið óskað eftir gögnum eða greinargerð, og stofnunin hefur í þeim efnum bent sveitarfélögum á hin áðurnefndu gæðaviðmið um val á landi til skógræktar, en þar er að finna handhægan matslista og gátlista.	Athugasemd krefst ekki breytinga á skipulagsgögnum Í sveitarfélaginu eru reitir skilgreindir sem skógræktar- og landgræðslureitir ofan 300 m. Texti

	7.5. Í kaflanum (7.4) er ennfremur almennt ákvæði um landgræðslu: „Landgræðsla er heimil hvarvetna þar sem hennar er talin þörf í sveitarfélaginu svo fremi að hún hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæði eða minjar.“ - Undirritaður lýsir f.h. hönd stofnunarinnar yfir ánægju með þetta ákvæði. **8.** Í kafla 7.6 er fjallað um óbyggð svæði (ÓB), bls. 60-61. Öll svæði sem ekki eru skilgreind með annarri landnotkun eru flokkuð sem óbyggð svæði, allt land ofan 300 m.y.s. Í kaflanum er að finna eitt almenn ákvæði: „Ekki eru heimilar framkvæmdir á svæðum sem skilgreind eru sem óbyggð svæði án þess að gengið sé úr skugga um að ekki sé um framkvæmd að ræða sem hefur neikvæð áhrif á óbyggð víðerni eða önnur svæði sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 nema brýna nauðsyn beri til.“ - Hér mætti benda á að víða er hægt að rækta skóga ofar 300 m h.y.s. í Eyjafirði, og ofar þeirrar hæðar eru nú þegar ræktaðir skógar t.d. við Hólsgerði og Tjörnum í gamla Saurbæjarhreppi, Þormóðsstaði í Sölvadal, Kroppi og Grísará í gamla Hrafnagilshreppi. Eftir atvikum væri eðlilegt að leyfa skógrækt ofan 300 m h.y.s., mæli ekki annað gegn því, s.s. sjónarmið um vernd. Bent skal á, að skv. reglugerð 583/2000 er ekki heimilt að rækta aðrar tegundir en innlendar ofar 400 m h.y.s. Af ákvæðinu er ekki beinlínis að skilja að skógrækt á óbyggðum svæðum (ÓB) sé óheimil, en þó væri e.t.v. eðlilegt að ávarpa það í kaflanum. Það er því tillaga undirritaðs að bætt verði við ákvæði á borð við eftirfarandi: „*Skógrækt er heimil ofan 300 m h.y.s. þar sem þannig háttar til og fýsilegt má teljast, ef önnur lög eða reglugerðir mæla ekki á móti.*“ **9.** Ekki er að finna sérstaka umfjöllun um votlendi, vernd þess eða endurheimt, í greinargerð aðalskipulagstillögunnar. Fram kemur t.d. að Hólmarnir, óshólmar Eyjafjarðarár, eru á C-lista náttúruminjaskrár, og eins njóta Súlumýrar ofan Kjarnaskógar hverfisverndar. Töluvert er um framræsluskurði í sveitarfélaginu, en óljóst er að hve miklu leyti endurheimt er möguleg. Þar fyrir utan virðist framræst land í Eyjafjarðarsveit víðast í fullum landbúnaðarnotum, sem er í sjálfu sér ánægjulegt. - Mögulega mætti hvetja sveitarfélagið til að bæta almennu ákvæði um endurheimt votlendis við kafla um landbúnaðarland (L), t.d. á þá leið að hvatt sé til endurheimtar votlendis þar sem	í greinargerð er lagfærður sem svo: *land ofan 300 m.y.s. fellur almennt undir óbyggð svæði.* Ekki er tekið fyrir skógrækt ofan 300 m en ekki tilgreindar sérstakar heimildir til skógræktar undir landnotkuninni óbyggð svæði. Frá fornu hefur land ofan 300 m.y.s. að jafnaði verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé í sveitarfélaginu. Land sem nýtt hefur verið sem afréttarland eða með líkum hætti, verður ekki tekið úr slíkum notum nema með samþykki sveitarstjórnar, sbr. 5. gr. laga nr. 6/1986. Þá þarf að fylgja ákvæðum 20. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, um girðingu skóga. Lagaákvæðið er gagngert vegna lausagöngu sauðfjár á sumarbeitarhögum, svo sem háttar til víðast í sveitarfélaginu og leggur þannig á áherslu á að skógarbóndi skuli verja skógrækt sína fyrir búfé með girðingum. Gera skal ráð fyrir að útgáfa framkvæmdaleyfis fyrir skógrækt verði háð skilyrðum um girðingu, nema sérstök rök standi til að víkja frá því. Ekki er tekið fyrir endurheimt votlendis í aðalskipulagi. Auka má hæfni ræktarlands sem ekki er í notkun með endurheimt votlendis og geyma þannig kolefnisforðann til síðari nota. Í sveitarfélaginu er hinsvegar lítið um vanýtt ræktarland og því verða ekki settar inn stefnur er varða endurheimt votlendis.

	búast má við góðum endurheimtum og ekki skerðist ræktarland eða að ræktun á nærliggjandi jörðum verði ekki torveldari. Það er tillaga undirritaðs að ákvæðið sé: „*Sveitarfélagið hvetur til endurheimtar votlendis, þar sem þannig háttar til. Tilkynna skal áform um endurheimt votlendis til sveitarfélags. Skoða þarf áhrif fyrirhugaðrar endurheimtar á umhverfi og ræktun á nærliggjandi svæðum.*“	